Sþ.

# 708. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1973.

## I. Innheimta tekna.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innkomnar tekjur vegasjóðs 31. des. 1973, eins og hér segir:

| | | Áætlun m.kr. | | Rauntekjur m.kr. | | Mismunur m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.1 | Bensíngjald: | | | | | |
| | Brúttótekjur ...... | 895,0 | | 913,3 | | |
| | Endurgreiðslur .... | 19,5 | | 27,6 | | |
| | | | 875,5 | | 885,7 | 10,2 |
| 1.2 | Þungaskattur: | | | | | |
| | Brúttótekjur ...... | 269,0 | | 272,3 | | |
| | Endurgreiðslur .... | 2,0 | | 13,1 | | |
| | | | 267,0 | | 259,2 | ÷7,8 |
| 1.3 | Gúmmígjald: ...... | | 66,0 | | 89,7 | 23,7 |
| | Alls | | 1 208,5 | | 1 234,6 | 26,1 |

1.1. Tekjur af bensíngjaldi:

Brúttósala á bensíni á tekjuárinu 1973 var í fjárlögum áætluð 93.6 m.ltr. Raunveruleg sala samkvæmt söluskýrslum olíufélaganna reyndist hins vegar vera 95.1 m. ltr. Þessi mikla aukning á að nokkru leyti rót sína að rekja til hraunkælingarinnar í Vestmannaeyjum, en til dælustarfsins fór um ein milljón ltr af bensíni.

Bensíngjald af þessu magni er um 10 m.kr., og kom sú upphæð til endurgreiðslu á árinu.

Brúttósala á bensíni undanfarin 6 tekjuár hefur verið eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| 1968 | 71.5 millj. lítra |
| 1969 | 69.3 — — |
| 1970 | 69.7 — — |
| 1971 | 77.5 — — |
| 1972 | 84.9 — — |
| 1973 | 95.1 — — |

Ef frá er dregin sala á bensíni til Viðlagasjóðs, er aukning frá árinu 1972 um 10.8%.

Á árinu voru fluttar inn 8050 bifreiðar notaðar og nýjar. Gert er ráð fyrir að á árinu verði afskráðar um 2200 bifreiðar. Bifreiðaeign landsmanna ætti því að aukast um 5 850 bifreiðar og vera um 63 000 bifreiðar 1. jan. 1974, sem er um 10% aukning frá árinu 1972.

1.2.1. Tekjur af þungaskatti:

Brúttótekjur af þungaskatti voru áætlaðar 269.0 m.kr. og endurgreiðslur 2.0 m.kr. Rauntekjur brúttó urðu hins vegar 272.3 m. kr. sem skiptist þannig:

| | |
|---|---|
| Alm. þungaskattur | 130.8 m.kr. |
| Km-gjald | 141.5 m.kr. |
| Alls | 272.3 m.kr. |

Endurgreiðslur urðu 13.1 m.kr. sem er um 11 m.kr. hærra en áætlað var. Skýringin á þessari miklu aukningu er sú, að við endurskoðun og samræmingu á innheimtukerfi ríkissjóðs s. l. sumar kom í ljós, að talsvert lá fyrir af óafgreiddum beiðnum frá fyrri árum hjá ráðuneytinu, svo og að ekki var fullt samræmi á milli innheimtumanna um það, hvernig þungaskattur og endurgreiðslur voru taldar fram.

1.2.2. Athugun á akstri diesel bíla yfir 5 t:

Þegar km-gjaldið var tekið upp í júlí 1970 var við það miðað, að sömu tekjur næðust inn og fyrir breytinguna. Þar sem ekki lá fyrir könnun á meðalakstri þessara bifreiða, var miðað við reynslu Norðmanna og gengið út frá 30 000 km meðalakstri á ári.

S. l. sumar var gerð athugun á akstri þeirra bifreiða, sem greiða skatt samkv. ökumæli. Til grundvallar athuguninni voru lagðar kvittanir yfir greiðslu km-gjalds árið 1972. Helstu niðurstöður voru þær, að meðalakstur vörubifreiða er mun lægri en upphaflega var gert ráð fyrir eða um 25 000 km á ári. Þessar bifreiðar greiða því mun minna nú en samkv. eldra kerfinu. Meðalakstur almenningsbifreiða reyndist hins vegar vera mjög nálægt upphaflegri áætlun eða um 50 000 km á ári. Æskilegt væri að taka km-gjaldið til endurskoðunar og leiðrétta taxtana með tilliti til þessarar athugunar.

1.3. Tekjur af gúmmígjaldi:

Tekjur af gúmmígjaldi voru áætlaðar 66 m.kr. en urðu 89.7 m.kr., sem er 23.7 m.kr. umfram áætlun. Samkvæmt þessu hefur innflutningur á hjólbörðum að meðtöldum hjólbörðum á innfluttum bifreiðum numið alls um 1 993 tonnum árið 1973, sem er 10.2% aukning frá árinu áður. Þessi mikla aukning á að mestu leyti rót sína að rekja til mikils innflutnings bifreiða á árinu. Einnig hafa breyttar reglur um notkun hjólbarða haft nokkur áhrif.

Samsvarandi tölur fyrir innflutning á hjólbörðum undanfarin 6 ár eru eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| 1968 | 917 tonn |
| 1969 | 825 — |
| 1970 | 1 200 — |
| 1971 | 1 620 — |
| 1972 | 1 808 — |
| 1973 | 1 993 — |

## II. Skipting útgjalda.

### 2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

#### 2.1.1. Launagreiðslur.

Í vegáætlun voru útgjöld á þessum lið áætluð 38.1 millj. kr., en urðu 42.9 millj. kr. sökum hækkunar kaupgreiðsluvísitölu.

#### 2.1.2. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi verkstjóra og ekkna þeirra ásamt nokkurra fyrrv. verkamanna voru áætlaðar 4.8 millj. kr., en urðu 5.4 millj. kr. Er það aðeins minni hækkun en svarar til vísitöluhækkunar, þar sem einn eftirlaunaþeginn lést á árinu. Alls nutu 20 fyrrv. verkstjórar, 12 verkstjóraekkjur og 6 fyrrv. verkamenn eftirlauna.

#### 2.1.3. Skrifstofukostnaður.

Útgjöld á þessum lið voru áætluð 13.4 millj. kr. samkvæmt vegáætlun, en urðu 21.3 millj kr. Auk almennra verðhækkana stafar þessi mikla hækkun af því, að á árinu var tekið á leigu húsnæði á Ísafirði fyrir umdæmisskrifstofu Vestfjarða og á Selfossi fyrir umdæmisskrifstofu Suðurlands. Húsnæðið á Ísafirði var innréttað og fluttist þangað umdæmisverkfræðingur og tæknifræðingur, en tæknifræðingur og skrifstofumaður til Selfoss. Auk þess sem ofangreindir aðilar fá þarna fullkomna aðstöðu er ætlunin að skrifstofur þessar annist bókhald í viðkomandi umdæmum.

#### 2.1.4. Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda.

Fjárveiting var 10.0 m. kr., en kostnaður á þessum lið var mun meiri en fjárveiting. Mestur hluti þess, sem varð umfram fjárveitingu, var færður á einstök verk.

Unnið var að verkfræðilegum undirbúningi framkvæmda í öllum vegaflokkum með svipuðu sniði og á undanförnum árum.

Haldið var áfram að undirbúa flutning umdæmisverkfræðinga út á land og búsetu þeirra í umdæmum.

Á Selfossi var opnuð umdæmisskrifstofa, og vinnur þar einn tæknifræðingur.

Að undanförnu hefur einn umdæmisverkfræðingur séð um Vesturland og Vestfirði, en í ársbyrjun 1973 var ráðinn nýr umdæmisverkfræðingur á Vestfjörðum, og flutti hann búferlum til Ísafjarðar síðar á árinu ásamt einum tæknifræðingi, jafnframt því sem umdæmisskrifstofa var opnuð þar.

Umdæmisverkfræðingur á Norðurlandi flutti til Akureyrar sl. vor, en auk hans eru þar starfandi 1 verkfræðingur, 3 tæknifræðingar og mælingamenn.

Tækniskrifstofa, sem búið var að opna á Egilsstöðum, var flutt til Reyðarfjarðar.

Í maí 1973 voru verkstjórar Vegagerðarinnar kvaddir saman til tveggja daga fundar með umdæmisverkfræðingum. Einkum var þar rætt um ýmis tæknileg atriði við vegagerð og kostnaðareftirlit með framkvæmdum.

#### 2.1.5. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 4.0 m.kr.

A. **Talning umferðar.**

Umferðartalningu var haldið áfram með líkum hætti og undanfarið ár. Teljarastaðir voru 150. Á 35 stöðum var talið allt sumarið og allt árið á 22 stöðum. Þá var og gerð sérstök og umfangsmikil umferðarkönnun í Borgarfirði vegna væntanlegrar mannvirkjagerðar þar og í Skagafirði vegna vals veglínu um Vallhólma.

Á árinu voru keyptir 10 nýir umferðarteljarar. Mjög veruleg aukning (7—15%) hefur víðast orðið á umferð frá síðasta ári, langmest þó á Þrengslavegi, þar sem umferð hefur aukist yfir 100%. Einnig hefur umferð aukist mjög mikið á Eyrarbakkavegi (um 40%).

Þá hefur umferð á Hafnarfjarðarvegi sunnan Kópavogs aukist verulega. Er meðalumferð komin yfir 17 000 bifreiðar á dag og yfir 2 200 bifreiðar á klst., þegar mest er.

Á fylgiskjölum nr. 2.1.5.-1-4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

B. **Vegaeftirlit.**

Haft var eftirlit með öxulþunga ökutækja í náinni samvinnu við lögregluyfirvöld með sama hætti og síðastliðin ár. Sérstök áhersla var lögð á eftirlit með öxulþunga, meðan klaki var að fara úr vegum s. l. vor. Mun betur er nú farið eftir gildandi reglum um öxulþunga ökutækja en áður var.

Bílavogir, sem vegaeftirlit hefur til umráða, voru einnig notaðar af eftirlitsmönnum og af vegaverkstjórum til að fylgjast með hlassþunga í malarakstri.

### 2.1.6. Áhrif verðhækkana.

Kostnaðaráætlanir í vegáætlun fyrir árið 1973 voru miðaðar við áætlaða vísitölu framkvæmdakostnaðar í mars 1972 (dálkur 1 að neðan), en þá áttu seinustu umsamdar almennar kauphækkanir í samningum frá desember 1971 að vera komnar fram.

Breytingar á vísitölu einstakra framkvæmdaflokka hafa orðið eins og hér segir:

| | 1<br>Áætl. mars<br>1972 | 2<br>Ágúst<br>1972 | 3<br>Ágúst<br>1973 | 4<br>Hækkun í %<br>áætl. mars<br>'72—ág. '73 |
|---|---|---|---|---|
| Vegaviðhald | 1 142 | 1 252 | 1 550 | 35.7 |
| Vegagerð | 1 096 | 1 163 | 1 419 | 29.5 |
| Brúagerð | 1 651 | 1 710 | 2 129 | 29.0 |

Þessi hækkun á vísitölu einstakra framkvæmdaflokka stafar af hækkun á eftirtöldum liðum: kaupgjaldsvísitölu, töxtum vörubifreiðastjóra og vinnuvélaeigenda og efniskostnaði.

Við athugun á verðhækkunum á einstökum framkvæmdaflokkum í mars 1973 kom í ljós, að þær voru þá þegar orðnar 20—30% meiri en gert hafði verið ráð fyrir við gerð vegáætlunar.

Þar sem eigi var tæknilega framkvæmanlegt að draga úr hverri einstakri framkvæmd í vegáætlun, sem þessum verðhækkunum nam, og ná jafnframt nothæfum áföngum, ákvað ráðuneytið í apríl og maí að fresta einstökum verkum eða hluta verka í einstökum flokkum framkvæmda eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| 1. Hraðbrautir | 88 m.kr. |
| 2. Þjóðbrautir og landsbr. | 31 — — |
| 3. Brýr | 11 — — |
| Alls | 130 m.kr. |

Það fé, sem sparaðist við frestun einstakra verka eða verkhluta, var síðan notað til þess að verðbæta önnur verk innan sama kjördæmis. Þetta var þó eigi framkvæmanlegt við frestun brúagerða.

Í greinargerð með liðum 2.3.1-2.3.3, lið 2.3.6.3 og lið 2.5.1 er tilgreint, hvaða verkum eða verkhlutum var frestað, og einnig, hve háar verðbætur urðu á önnur verk. Kemur það fyrir við stöku verk, að þau fái verðbætur, þó að engin fjárveiting hafi verið til þeirra 1973, en þá er um að ræða verk, sem fjárveitingu höfðu 1972, en ekki tókst að ljúka þá að fullu vegna fjárskorts af völdum verðhækkana á því ári, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1972.

Þar sem verulegar verðhækkanir urðu, eftir að frestun framkvæmda var ákveðin, varð eigi komist hjá nokkrum umframgreiðslum við framkvæmdir samkv. lið 2.3 og 2.5 í vegáætlun. Mestur hluti þeirra umframgreiðslna er þó á hraðbrautum, sem boðnar voru út eftir að frestun var ákveðin, en tilboð í þau verk voru yfirleitt mun hærri en áætlanir, og stafar það af mikilli þenslu á vinnumarkaðnum.

Gert er ráð fyrir, að þau verk, sem frestað var að framkvæma 1973, komi til framkvæmda 1974, þegar nauðsynlegra fjárveitinga hefur verið aflað við endurskoðun á vegáætlun 1974.

Halli á vegáætlun af þessum sökum varð um 80 m.kr. á liðum 2.3 og 2.5, sbr. lið 2.10.

## 2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

### 2.2.1. Viðhaldskostnaður þjóðvega.

Fjárveiting var 375.0 m.kr.

**A. Vetrarviðhald.**

Kostnaður við vetrarviðhald á tímabilinu janúar—júní varð 59.0 m.kr., sem er um 34.6 m.kr. meiri en sl. vetur á sama tímabili, en þá var líka óvenju snjólétt, og því mjög lítill kostnaður af snjómokstri. Kostnaður á tímabilinu okt.—des. 1973 varð tæpum 11.0 m.kr. meiri en áætlað var eða 33.3 m.kr.

Kostnaður við vetrarviðhald varð því alls um 92.3 m.kr. eða um 67.2% meiri en sl. ár, en þá hafði ekki verið jafn lítill snjómokstur síðan árið 1969. Á töflu 1 er sýndur kostnaður við vetrarviðhald undanfarin 7 ár, en í síðasta stöpli er sýnt, hvernig kostnaður hefur verið miðað við árið 1968, en það er fyrsta árið, sem unnið er eftir núgildandi reglum.

Farið var algjörlega eftir snjómokstursreglum, sem settar voru í desember 1967, og viðbótarreglum frá því haustið 1971.

**Tafla 1 — Yfirlit yfir kostnað við vetrarviðhald 1967—1973.**

| Ár | Jan.—júní m.kr. | Okt.—des. m.kr. | Allt árið m.kr. | Vísitala viðhaldskostn. | Á verðl. 1973 | Hlutfallstala |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1967 | 17.8 | 10.2 | 28.0 | 571 | 76.0 | 102.1 |
| 1968 | 25.5 | 6.4 | 31.9 | 665 | 74.4 | 100.0 |
| 1969 | 18.3 | 13.4 | 31.7 | 812 | 60.5 | 81.3 |
| 1970 | 34.0 | 12.0 | 46.0 | 902 | 79.0 | 106.2 |
| 1971 | 34.0 | 18.7 | 52.7 | 1 046 | 78.1 | 105.0 |
| 1972 | 24.4 | 30.8 | 55.2 | 1 252 | 68.3 | 91.8 |
| 1973 | 59.0 | 33.3 | 92.3 | 1 550 | 92.3 | 124.1 |

Á töflu 2 er sýnt yfirlit yfir heildarviðhaldskostnað þjóðvega, og í aftasta dálki töflunnar kemur fram, hve mikill hluti vetrarviðhaldið hefur verið af heildarviðhaldskostnaði.

**Tafla 2 — Yfirlit yfir viðhaldskostnað þjóðvega 1967—1973.**

| Ár | Fjárv. í vegáætl. (1) | Gjaldf. kostn. (2) | Heildarkostn. (3) | Vetrarviðhald (4) | Vetrarviðh. sem hlutf. af heildark. (4)×100 / (3) |
|---|---|---|---|---|---|
| 1967 | 134.0 | 155.8 | 154.4 | 28.0 | 18.1 |
| 1968 | 139.4 | 176.8 | 174.0 | 31.9 | 18.3 |
| 1969 | 175.0 | 182.2 | 178.6 | 33.0 | 18.5 |
| 1970 | 197.4 | 222.0 | 223.1 | 48.6 | 21.8 |
| 1971 | 250.0 | 260.9 | 263.9 | 52.8 | 20.0 |
| 1972 | 355.0 | 367.3 | 358.3 | 54.1 | 15.1 |
| 1973 | 375.0 | (423.5) | (432.0) | (92.3) | (21.4) |
| Samtals | 1 625.8 | 1 788.5 | 1 784.3 | 340.7 | 19.1 |

## B. Tjón af völdum náttúruhamfara.

Í lok ársins 1972 urðu miklar skemmdir á vegum af völdum vatnságangs á Austurlandi og þá einkum sunnan til. Ekki var unnt að gera við þær fyrr en sl. vor. Einnig var þá gert við skemmdir, sem urðu síðari hluta 1972 í Hestakleif í Ísafjarðardjúpi.

Í byrjun janúar 1973 urðu töluverðar skemmdir á vegum vegna flóða og skriðufalla í Önundarfirði og Dýrafirði, og var gert við þær eins fljótt og unnt var um vorið. Einnig flæddi Hvítá í Borgarfirði yfir bakka sína í janúarmánuði, en olli ekki teljandi tjóni.

Í lok mars varð nokkuð tjón vegna skriðufalla í Vattarnesi og í Kambanesskriðum á Austurlandi.

Í septemberlok skemmdust vegir vegna vatnsflóða í Austur-Barðastrandarsýslu og þá einkum í Kollafirði.

S. l. vor komu í ljós skemmdir á brú á Urriðaá á Ólafsvíkurvegi, og varð að endurbyggja hana ásamt 0,4 km löngum vegi, og var kostnaður við það greiddur af viðhaldsfé til bráðabirgða.

## C. Sumarviðhald.

Til þessa liðar telst allur kostnaður við viðhald á auðum vegum og fer mest af því fram að sumarlagi. Skiptist þessi liður í almennt viðhald, heflun, styrkingu vega, mölun og hörpun efnis, viðhald brúa og rykbindingu vega.

Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum. S. l. vor var einstaklega gott, hvað þetta snertir, því að klaki var víðast hvar mjög lítill í vegum og klakaskemmdir því litlar. Reynt var þó eins og undanfarin ár að hafa hemil á vorskemmdum með því að auka eftirlit með öxulþunga og takmarka, þar sem nauðsyn krafði.

Vegagerðin á 4 mulningsvélasamstæður, sem mala efni í slitlag og jöfnunarlag vega. Á Suðurlandi og Vesturlandi er stór mulningsvélasamstæða, sem vinnur annað hvort ár á Reykjanesi og Suðurlandi og hitt árið á Reykjanesi og Vesturlandi. Síðastliðið sumar vann vélin á Reykjanesi og Suðurlandi. Einnig er stór mulningsvélasamstæða á Norðurlandi. Á Vestfjörðum og Austurlandi eru minni mulningsvélar, sem eru hentugri til flutninga milli staða, en ekki jafnafkastamiklar og hinar. Ennfremur eru 4 hörpunarflokkar á landinu, sem vinna efni í slitlag og jöfnunarlag.

### Yfirlit um hörpun og mölun efnis.

| | Mölun | Hörpun |
|---|---|---|
| Suðurland | 121 700 m³ | |
| Reykjanes | 29 000 — | |
| Vesturland | 13 560 — | 61 305 m³ |
| Vestfirðir | 5 093 — | 15 800 — |
| Norðurland | 101 968 — | 49 226 — |
| Austurland | 19 289 — | 68 082 — |
| Alls | 290 778 m³ | 194 413 m³ |
| Meðalkostn. á rúmmetra | 204 kr/m³ | 103 kr/m³ |

## D. Skipting viðhaldskostnaðar.

Á meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit um skiptingu viðhaldskostnaðar á árinu 1972, en sams konar skipting fyrir 1973 er enn ekki fyrir hendi. Einnig er tilgreind lengd akfærra vega í hverju kjördæmi og kostnaður af viðhaldi vega á km.

**Viðhaldskostnaður þjóðvega árið 1972 (þús. kr.).**

| Kjördæmi | Vetrar-viðhald | Almennt viðhald | Veg-heflun | Viðhald brúa | Mölun efnis | Ryk-binding | Vatns-skaðar | Samtals | Lengd akfærra vega í km | Kostn. á km vegar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanes- ...... | 5 214 | 27 998 | 9 645 | 803 | 5 499 | 2 646 | 711 | 52 516 | 353 | 149 |
| Vesturlands- ..... | 5 487 | 27 230 | 12 022 | 1 313 | 18 892 | 328 | 4 115 | 69 387 | 1 350 | 51 |
| Vestfjarða- ...... | 13 031 | 18 244 | 4 581 | 1 162 | 7 601 | 328 | 3 478 | 48 425 | 1 227 | 39 |
| Norðurlands- vestra | 5 978 | 17 181 | 5 459 | 1 005 | 10 452 | 328 | 1 095 | 41 498 | 1 048 | 40 |
| Norðurlands- eystra | 10 088 | 19 798 | 6 337 | 356 | 10 452 | 327 | 292 | 47 650 | 1 237 | 39 |
| Austurlands ..... | 14 205 | 21 670 | 7 939 | 150 | 9 466 | 327 | 5 256 | 59 013 | 1 426 | 41 |
| Suðurlands- ..... | 1 215 | 30 113 | 11 043 | 2 371 | 2 219 | 327 | 1 478 | 48 766 | 1 463 | 33 |
| Samtals | 55 218 | 162 234 | 57 026 | 7 160 | 64 581 | 4 611 | 16 425 | 367 255 | 8 104 | 45 |

### 2.2.2. Vegmerkingar.

Fjárveiting var 5.0 m.kr.

Þar sem unnið er að endurskoðun á reglugerð um umferðarmerki, var ekki gert eins mikið og á undanförnum árum af að setja upp ný merki og halda þeim gömlu við. Núgildandi reglugerð er nr. 61/1959.

Haldið var áfram undirbúningi að uppsetningu á nýjum vegvísum og leiðamerkjum, einkum á Vesturlandi og Norðurlandi.

Af einstökum flokkum vega samkvæmt vegáætlun 1972—1975 er nú lokið merkingu, eins og hér segir:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Af 325 km | af akfærum hraðbrautum | eru merktir | 325 km | eða | 100% |
| Af 2 734 km | af akfærum þjóðbrautum | eru merktir | 2 734 km | eða | 100% |
| Af 5 054 km | af akfærum landsbrautum | eru merktir | 3 811 km | eða | 75% |
| Af 8 104 km | af akfærum þjóðvegum | eru merktir | 6 870 km | eða | 85% |

## 2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA.

### 2.3.0. Lán til vegaframkvæmda.

*1. Föst lán til vegaframkvæmda.*

Samkvæmt I. kafla vegáætlunar og með heimild í lögum um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1973 hefur verið aflað fastra lána til nokkurra sérstakra framkvæmda, sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 1. Skeiðarársandur ......................... | 230.0 millj. kr. |
| 2. Alþjóðabankalán til hraðbrauta ........... | 25.4 — — |
| 3. Aðrir vegir á vegáætlun .................. | 75.0 — — |
| Samtals | 330.4 millj. kr. |

Lán til framkvæmda á Skeiðarársandi er innkomið andvirði seldra happdrættisskuldabréfa á s. l. ári samkvæmt reglugerð nr. 17/1972, en á árinu 1972 voru seld happdrættisskuldabréf fyrir 100 millj. kr. og á fjárlögum þessa árs er heimild til sölu slíkra bréfa að fjárhæð 400 millj. kr., og á þannig að vera að fullu séð fyrir lánsfé til þessara framkvæmda.

Á árinu lauk Alþjóðabankinn við að greiða að fullu lán það til hraðbrautaframkvæmda, sem samið var um árið 1970. Lánsféð varð alls 360,2 millj. kr. eða jafngildi 4,1 millj. Bandaríkjadala. Af því runnu 314.4 millj. kr. til Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar, en 45.8 millj. kr. fóru til vélakaupa.

Lán að upphæð 75 millj. kr. fór til hraðbrauta um Kollafjarðarkleifar og Miðnesheiði, auk Grindavíkurvegar.

Samkvæmt I. kafla vegáætlunar var auk ofangreindra lána gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun til Austurlandsáætlunar, 75.0 millj. kr., Norðurlandsáætlunar 150.0 millj. kr. og Djúpvegar, 25.0 millj. kr., samtals 250.0 millj. kr., en þessa fjár var aflað með hækkun þeirri á tekjustofnum vegasjóðs, sem leiddi af vegalagabreytingu, sem gerð var í árslok 1972.

Ríkissjóður sá nú sem fyrr um greiðslu vaxta og afborgana af öllum föstum lánum til vegagerðar og sýnir eftirfarandi tafla hreyfingar á lánum þessum á árinu.

**Lán yfirtekin af ríkissjóði.**

(Upphæðir í millj. kr.)

| | | |
|---|---|---|
| Eftirstöðvar pr. 1/1 1973 | | 1 632.0 |
| Lán til vélakaupa, (sem vegagerðin greiðir vexti og afborganir af) | | 52.3 |
| | | 1 579.7 |
| Ný lán á árinu | | 330.4 |
| | | 1 910.1 |
| Afborganir | 83.7 | |
| Gengishagnaður | 20.0 | |
| | | 103.7 |
| Eftirstöðvar pr. 31/12 1973 | | 1 806.4 |
| Bráðabirgðalán ríkissjóðs vegna Skeiðarársands o. fl. | | 274.6 |
| Skuldir í árslok samtals | | 2 081.0 |

Af ofangreindum lánum voru tekin lán til Reykjanesbrautar að eftirstöðvum 384.6 millj. kr. í árslok, Alþjóðabankalán til hraðbrautaframkvæmda miðað við gengi í árslok, 340.1 millj. kr., og happdrættislán vegna framkvæmda á Skeiðarársandi 330 millj. kr. á nafnverði, en endurgreiðsla þess er bundin vísitölu.

Erlend lán voru samtals 1 218.1 millj. kr. miðað við gengi í árslok og innlend verðtryggð lán samtals 523.4 millj. kr. á nafnverði, þannig að megin hluti allra ofangreindra lána var annað hvort háður gengi eða vísitölu byggingarkostnaðar.

Bráðabirgðalán að upphæð 274.6 millj. kr. tók ríkissjóður til að standa undir halla á vegáætlun milli ára, og munar þar mestu um framkvæmdir á Skeiðarársandi, en þær urðu tæpum 200 millj. kr. meiri á árinu en fjáröflun nam.

Varðandi greiðslu vaxta af lánum þessum vísast til kafla 2.3.7. hér að aftan.

*2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.*

Á árinu voru veittar heimildir til töku bráðabirgðalána að upphæð samtals 21.8 millj. kr., en tekin lán námu samtals 18.4 millj. kr., og þurfti því ekki að nota þessar lántökuheimildir að fullu. Þar af voru lán að upphæð 6.5 millj. kr., sem ekki var veitt fjárveiting fyrir í vegáætlun. Var þar um að ræða framkvæmdir, sem brýna nauðsyn bar til að ljúka, og var haft um þetta fullt samráð við þingmenn viðkomandi kjördæma. Auk þess voru endurlánaðar 5 millj. kr. af bráðabirgðalánum teknum 1972, sem ekki var fjárveiting fyrir, fyrr en á vegáætlun 1974 og 1975. Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 23.4 millj. kr. á móti 8.6 millj. kr. í árslok 1972, og skiptust þau þannig:

| | Árslok 1972<br>þús. kr. | Árslok 1973<br>þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. Til þjóðbrauta | 0 | 3 500 |
| 2. Til landsbrauta | 8 004 | 17 791 |
| 3. Til sýslu- og fjallvega | 581 | 1 200 |
| Samtals | 8 585 | 22 491 |
| 4. Til viðhalds þjóðvega | 0 | 950 |
| Samtals | 8 585 | 23 441 |

Skipting bráðabirgðalána til einstakra vegaflokka er nánar tilgreind í greinargerð um framkvæmdir á einstökum vegum.

## 2.3.1. Til hraðbrauta.

1 **Suðurlandsvegur:**

2. Um Skeggjastaði:
   Fjárveiting var 3.0 m.kr. á árinu 1972, en framkvæmdum var frestað, og er ætlunin að fella þær inn í heildaráætlun um framkvæmdir við Suðurlandsveg í Flóa, sem samkv. vegáætlun á að framkvæma á árinu 1974.
4. Framkvæmdir á leiðinni Reykjavík—Selfoss:
   Fjárveiting var 12.3 m.kr. og var varið til að ljúka framkvæmdum á áföngum SV1, SV5, SV6, SV7 og SV8, sem teknir voru í notkun haustið 1972, og var gerð grein fyrir framkvæmdum í skýrslu samgönguráðherra um námukostnað. Yfirlit um kostnað og skiptingu hans er að finna á fylgivegstæðis (þ. e. kaup á landi og færslu girðinga) á áfanganum næst Reykjavík (SV1) og eru þau mál enn í mati. Jafnframt eru óútkljáð nokkur mál um framkvæmd vegáætlunar 1972. Enn er ólokið greiðslu kostnaðar vegna skjali 2.3.1.—1. Þar er einnig gerð grein fyrir áætluðum hækkunum og lokakostnaði.

41 **Reykjanesbraut:**

2. Tenging af Breiðholtsbraut í Fífuhvamm:
   Fjárveiting var 3.0 m.kr., en framkvæmdum var frestað, þar sem fjárveitingin nægir engan veginn til viðunandi tengingar.
3. Um Miðnesheiði:
   Fjárveiting var 25.3 m.kr. Kaflinn var boðinn út og samningur gerður við lægstbjóðanda, Miðfell h.f. og Véltækni h.f., í maí s. l. og var upphæð samnings 39.9 m.kr. Vegarkaflinn er 7.3 km langur með 6.5 m breiðri akbraut úr olíumöl og 1.0 m breiðum öxlum og er nær allur byggður ofan á gamla veginum. Við framkvæmdina kom í ljós, að gamli vegurinn var mun verri undirstaða en ætlað hafði verið, og þurfti að styrkja hann verulega. Aukakostnaður vegna þessa nam nær 11 m.kr. og verðhækkanir á verktíma námu 8.7 m.kr. Kaflinn var opnaður til umferðar 13. okt. s. l., en frágangi er frestað til næsta árs í samræmi við samningsskilmála. Lokakostnaður er áætlaður 64.5 m.kr.

43 **Grindavíkurvegur:**

1. Frá Reykjanesbraut til Grindavíkur:
   Fjárveiting var 58.6 m.kr. Vegurinn, sem er 13.4 km, var boðinn út og samningur gerður við lægstbjóðanda, Miðfell h.f. og Völ h.f., í maí s. l., og var upphæð samnings 68.4 m.kr. Vegurinn er með 6.5 m breiðri akbraut úr olíumöl og 1.0 m breiðum öxlum og er að mestu byggður ofan á gamla veginum. Breytingar frá útboði verða litlar, en verðbreytingar á verktíma munu nema rúmum 11 m.kr. Kaflinn var opnaður til umferðar í áföngum og sá síðasti í lok nóvember s. l., en frágangi er frestað til næsta árs í samræmi við útboðsgögn. Lokakostnaður er áætlaður 89.6 m.kr.

45 **Garðskagavegur:**

1. Um Garðinn:
   Fjárveiting var 2.5 m.kr. og auk þess 1.0 m.kr. vegna frestunar framkvæmda 1972. Lögð var 7.3 m breið akbraut úr olíumöl á um 1.5 km kafla gegnum Garðinn, en hann var undirbyggður 1971. Kostnaður varð um 4.5 m.kr.

1 **Vesturlandsvegur:**

1. Framkvæmdir á leiðinni Reykjavík—Kollafjörður:

   Fjárveiting var 20.2 m.kr. og var varið til að ljúka framkvæmdum á áföngum VV2, VV3 og VV4, sem teknir voru í notkun haustið 1972 og var gerð grein fyrir framkvæmdum í skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1972. Enn er ólokið greiðslu kostnaðar vegna vegstæðis, enda eru þau mál enn í mati. Yfirlit um kostnað og skiptingu hans er að finna á fylgiskjali 2.3.1.—2. Þar er einnig gerð grein fyrir áætluðum hækkunum og lokakostnaði

2. Um Kollafjarðarkleifar:

   Fjárveiting samkv. vegáætlun var 47.7 m.kr. Framkvæmdir við þennan kafla voru boðnar út og samið við verktakafyrirtækið Ístak h.f. og var samningsupphæð 70.1 m.kr. Vegarkafli þessi er um 2.5 km á lengd með 7.3 m breiðri akbraut og 1.5 m breiðum öxlum og liggur nýi vegurinn út fjöruna neðan Kleifa. Eigi tókst að ljúka verkinu í haust. Lagt var olíumalarslitlag á 700 m, en kaflinn að öðru leyti tekinn í notkun til bráðabirgða með malarslitlagi. Nær engar breytingar eru fyrirsjáanlegar á verkinu, en verðhækkanir verða um 14 m.kr. Lokakostnaður er áætlaður 93.9 m.kr.

3. Um Arnarhamar:

   Fjárveiting var 19.0 m.kr., en framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

7. Um Brynjudals- og Botnsvog:

   Fjárveiting var 40.5 m.kr. Hafin var undirbygging kaflans milli Fossár og Brynjudalsár og til þess varið um 10 m.kr., en frekari framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

10. Um Bifröst:

    Fjárveiting 1972 var 3.0 m.kr., en framkvæmdum var þá frestað, þar sem beðið var umsagnar Náttúruverndarráðs varðandi efnistöku og vegna þess að ekki var komist að niðurstöðu um legu vegarins. Framkvæmdum var enn frestað af sömu ástæðum.

60 **Vestfjarðavegur:**

1. Ísafjörður—Hnífsdalur:

   Fjárveiting var 12.0 m.kr. Lokið var að mestu undirbyggingu á um 2.4 km kafla, en lagningu slitlags frestað til næsta árs. Kostnaður varð um 9.0 m.kr.

1 **Norðurlandsvegur:**

1. Um Lónsbrú:

   Fjárveiting var 3.5 m.kr. Hafin var undirbygging á 1.6 km kafla um Lón og Dvergastein og jafnframt var hafin brúargerð á Lónið. En slæmt tíðarfar s. l. haust hamlaði framhaldi framkvæmda. Kostnaður varð tæpar 3 m.kr.

3. Slitlag og lýsing á áfanga NV1:

   Fjárveiting var 11.5 m.kr. Gert var malbiksslitlag og sett upp lýsing á áfanga NV1, þ. e. frá Höfnersbryggju að flugvallarvegi. Kostnaður varð um 11.6 m.kr., en ólokið er síðasta frágangi og sáningu í kanta.

4. Syðst á Svalbarðsströnd:

   Fjárveiting var 11.9 m.kr. Hafin var lítillega undirbygging á rúmlega 1 km kafla af Grenivíkurvegi (83) frá Geldingsá að Hallandsnesi. Slæmt tíðarfar s. l. haust hamlaði frekari framkvæmdum.

**Verkfræðilegur undirbúningur:**

Fjárveiting var 7.0 m.kr. Eftirfarandi er það helsta, sem gert var á árinu:

1 **Suðurlandsvegur:**

Gerð var lokaáætlun um kaflann frá Selfossi að vegamótum Hrunamannavegar. Verkfræðistofan Hnit s.f. annaðist mælingar og kortagerð, en Almenna verkfræðistofan hönnun og áætlunargerð.

34 **Eyrarbakkavegur:**

Til undirbúnings lokaáætlunar var unnið að mælingum og jarðvegsathugunum á kaflanum frá Selfossi að vegamótum Gaulverjabæjarvegar.

35 **Biskupstungnabraut:**

Til undirbúnings lokaáætlunar var unnið að mælingum á kaflanum frá vegamótum Suðurlandsvegar að vegamótum Þingvallavegar.

45 **Garðskagavegur:**

Lokið var mælingum og annarri gagnasöfnun til undirbúnings lokaáætlunar á kaflanum frá Reykjanesbraut að Garði í Gerðum.

1 **Vesturlandsvegur:**

Haldið var áfram lokaáætlun fyrir kaflann Móar—Kiðafell, og er þeirri áætlunargerð að mestu lokið fyrir veginn allt upp undir Kiðafell. Gerð var lokaáætlun um kaflann milli Fossár og Brynjudalsár.

Háskóli Íslands tók að sér rannsókn á lífríki Brynjudalsvogs og Botnsvogs með tilliti til vegagerðar. Bráðabirgðaniðurstaða varðandi Brynjudalsvog liggur fyrir og var tekið tillit til hennar í áætlun um ofannefndan kafla. Auk þess hefur annarri gagnasöfnun varðandi þessa kafla verið haldið áfram, einkum úrvinnslu jarðvegssýna.

Haldið var áfram undirbúningsmælingum út Hvalfjarðarströnd og í Leirár- og Melasveit.

Haldið var áfram undirbúningi mannvirkjagerðar í Borgarfirði. Unnið hefur verið úr athugunum á vindi, öldufari og sjávarhæð og lokið líffræðilegri rannsókn á firðinum. Hefur ekkert komið fram, sem mælir gegn legu vegarins frá Seleyri til Borgarness. Þá var gerð allumfangsmikil könnun umferðar s. l. sumar, og nú eru að hefjast módeltilraunir til þess að kanna vatnafræðileg áhrif mannvirkjagerðarinnar.

60 **Vestfjarðavegur og 61 Djúpvegur:**

Hafin er áætlunargerð um veginn inn frá Ísafirði og um nýja brú á Tunguá.

1 **Norðurlandsvegur um Akureyri:**

Verið er að hefja könnun lífríkis á leirum og óshólmum Eyjafjarðarár með tilliti til vals vegarstæðis á þessum slóðum.

Háskóli Íslands mun annast þessa rannsókn í samráði við Náttúruverndarráð.

Lokið er undirbúningsmælingum og jarðvegsathugunum vegna lokaáætlunar á kaflanum frá Glerárhverfi að Lóninu.

Til undirbúnings lokaáætlunar var unnið að mælingum á kaflanum frá Dvergasteini að vegamótum Ólafsfjarðarvegar.

83 **Grenivíkurvegur:**

Gerð var lokaáætlun um kaflann frá Hallandsnesi að Svalbarðseyri. Áætlun þessi byggir á áliti Vaðlaheiðarnefndar þess efnis, að vegurinn skuli í framtíðinni falla inn í Norðurlandsveg.

**2.3.2. Til þjóðbrauta.**

1 **Suðurlandsvegur:**

1. Skarphóll—Skeiðflötur:

Fjárveiting var engin, en geymt frá fyrra ári 2.0 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 500 þús. kr. Fullbyggður var 0.7 km langur kafli við Rauðháls.

2. Um Hólsá:

Fjárveiting var 2.2 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

6. Við Markarfljót:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Fullgerður var 0.3 km langur kafli við Markarfljótsbrú.

7. Affall—Þverá:

Fjárveiting var 3.0 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 1.0 m.kr. Fullgerður var 3.4 km langur kafli, sem byrjað var á árið 1972.

8. Um Steinslæk:

Fjárveiting var engin. Viðbót sbr. 2.1.6 300 þús. kr. Fór til greiðslu á skuld.

34 **Eyrarbakkavegur:**

1. Við Eyrarbakka:

Fjárveiting var 3.7 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 1.0 m.kr. Byggður var 1.7 km langur kafli ofan við Eyrarbakka, en eftir er þó frágangur að miklu leyti.

36 **Þingvallavegur:**

1. Í þjóðgarði:

Fjárveiting var 5.0 m.kr. Endurbyggður var 1.0 km langur kafli frá Þingvallavegi að bílastæði við Almannagjá. Lagningu olíumalar varð að fresta vegna dráttar á afgreiðslu á olíumöl.

36 **Þingvallavegur:**

1. Þorgerðarflöt—Kaldakvísl:

Fjárveiting var 800 þús. kr. Frestað sbr. 2.1.6 600 þús. kr. Endurbyggð voru ræsi í Þingvallavegi.

3. Um Leirvogsá:

Fjárveiting var 2.6 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 600 þús. kr. Byggður var 0.6 km langur kafli við nýja brú, en eftir er þó lokafrágangur.

1 **Norðurlandsvegur:**

4. Um Hæðarsteinsbrekku:

Fjárveiting var 1.2 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

5. Um Norðurá í Heiðarsporði:

Fjárveiting var 900 þús. kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

54 **Ólafsvíkurvegur:**

2. Um Langá:

Fjárveiting var 6.6 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 400 þús. kr. Lán frá Vesturlandsvegi um Bifröst 1.6 m.kr., sjá 2.3.1. Tekinn var í notkun 1.5 km langur kafli um nýja brú á Langá, en frágangi er ólokið.

5. Skjálg—Kolbeinsstaðir:
Fjárveiting var engin. Framlag sbr. 2.1.6 500 þús. kr. Fór til greiðslu á skuld.
8. Torfavatn—Urriðaá:
Fjárveiting var 3.8 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 700 þús. kr. Framlag af viðhaldsfé 2.5 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 6.0 km langur kafli frá Torfavatni vestur fyrir Urriðaá og steypt renna á Urriðaá.

57 **Snæfellsnessvegur:**

3. Um Grísholsá:
Fjárveiting var 900 þús. kr. Viðbót sbr. 2.1.6 600 þús. kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.0 km langur kafli um nýja brú á Grísholsá.

574 **Útnesvegur:**

1. Rif—Enni:
Fjárveiting var engin. Framlag sbr. 2.1.6 400 þús. kr. Lokið var frágangi á 2.5 km löngum kafla um Hólmkelsá.

60 **Vestfjarðavegur:**

2. Fellsendi—Nesoddi:
Fjárveiting 2.8 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 2.1 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 2.7 km langur kafli frá Fellsenda að Nesodda.
3. Um Tunguá:
Fjárveiting var engin. Framlag sbr. 2.1.6 300 þús. kr. Lokið var frágangi á 1.2 km löngum kafla um Tunguá.
4. Um Búðardal:
Fjárveiting var engin. Geymt frá fyrra ári 1.1 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 900 þús. kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.8 km langur kafli um Búðardal.
6. Um Glerá:
Fjárveiting var 2.8 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 1.5 m.kr. Tekinn var í notkun 1.6 km langur kafli um nýja brú á Glerá. Frágangi er ólokið.

1 **Norðurlandsvegur:**

1. Um Miklagil:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

60 **Vestfjarðavegur:**

4. Kinnarstaðir—Djúpvegur:
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Lokið var við 6.4 km langan kafla, sem byggður var 1972.
6. Á Klettshálsi:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Unnið var að endurbótum á 7.0 km löngum kafla frá Gunnsteini að Illugastöðum.
11. Um Gemlufall:
Fjárveiting var 3.9 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 var 2.3 m.kr. Tekinn var í notkun 2.5 km langur kafli norðan vegamóta Ingjaldssandsvegar. Ólokið er tengingu nýrrar brúar yfir Gemlufallsá.
15. Ath. í Dýrafirði og Önundarfirði.
Fjárveiting var 500 þús. kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

62 **Barðastrandarvegur:**

1. Gíslalækur—Þverá:

Fjárveiting var engin. Framlag sbr. 2.1.6 var 200 þús. kr. Unnið var að frágangi á ræsum.

5. Um Haukaberg:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 var 300 þús. kr. Tekinn var í notkun 0.8 km langur kafli sunnan Haukabergsár.

6. Kleifaheiði um Kleifar:

Fjárveiting var 4.5 m.kr. Tekinn var í notkun 1.2 km langur kafli frá Kleifabúa að Seljagili. Frágangi er ólokið.

68 **Hólmavíkurvegur:**

2. Í Bæjarhreppi:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 var 500 þús. kr. Framkvæmdum var frestað vegna tækjaskorts.

3. Um Kollsá:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 var 300 þús. kr. Byggt var ræsi og lagður 0.2 km langur kafli um Kollsá.

1 **Norðurlandsvegur:**

2. Um Sporðshús:

Fjárveiting var 8.5 m.kr. Byggður var 1.3 km langur kafli austan vegamóta Fitjavegar og við Vatnshorn.

4. Um Grafarlæk:

Fjárveiting var 1.6 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 200 þús. kr. Framkvæmdum var að mestu frestað vegna óhagstæðs tíðarfars.

6. Á Vatnsskarði:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

76 **Siglufjarðarvegur:**

1. Varmahlíð—Sauðárkrókur:

Fjárveiting var engin, en lánað af Norðurlandsáætlun 4.0 m.kr. út á vegáætlun 1974. Endurbyggður var 2.0 km langur kafli frá Grófargili að Geldingaholti.

4. Vatnsleysa—Höfði:

Fjárveiting var 2.1 m.kr. Lagfærðir voru tveir snjóastaðir, við Hlíðarenda 0.7 km kafli og við Lómatjörn 0.8 km kafli.

5. Lambanesás—Hraun:

Fjárveiting var 700 þús. kr. Lagfærður var snjóastaður sunnan við Hraun 0.1 km langur og jöfnunarlagi keyrt á kaflann frá Lambanesási að Hrauni, 3.0 km.

6. Almenningsnöf—Strákar:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Keyrt var í jarðsig við Almenningsnöf.

1 **Norðurlandsvegur:**

1. Um Djúpá:

Fjárveiting var 600 þús. kr. Tengd var ný brú yfir Djúpá með 0.3 km löngum kafla.

2. Fljótsheiði:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Vegurinn um Fljótsheiði var styrktur vegna nýbyggingar og lokunar á Norðausturvegi í Köldukinn.

3. Seljadalsá:

Fjárveiting var 200 þús. kr. Viðbót sbr. 2.1.6 100 þús. kr. Framkvæmdum við brúargerð var frestað, sjá 2.5.1.

4. Hólar—Reykjadalsá:
Fjárveiting var 5.2 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 800 þús. kr. Greidd var skuld að upphæð 1.4 m.kr. og ekið burðarlagi í 2.0 km langan kafla sunnan Kárhóls.

9. Um Belgjarbáru:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Byggður var upp 1.0 km langur kafli frá Stekkjarnesi að heimreið að Vindbelg.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

3. Um Ólafsfjarðarmúla:
Fjárveiting var 500 þús. kr. Vegurinn um Ólafsfjarðarmúla var hreinsaður og mölborin.

85 **Norðausturvegur:**

3. Við Ásbyrgi:
Fjárveiting var 1.3 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 300 þús. kr. Endurbættur var 1.0 km langur kafli, vestan við Ásbyrgi.

845 **Aðaldalsvegur:**

1. Um Vestmannsvatn:
Fjárveiting var 5.1 m.kr. Byggður var 2.0 km langur kafli við Sýrnes og sunnan við Hólkot.

88 **Raufarhafnarvegur:**

1. Klifshagi—Kópasker:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lokið var við 1.0 km langan kafla sunnan við Núp.

4. Um Melrakkasléttu:
Fjárveiting var 1.1 m.kr. Undirbyggður var 2.2 km langur kafli sunnan við Leirhöfn og 0.9 km langur kafli norðan við Leirhöfn.

1 **Austurlandsvegur:**

1. Á Jökuldalsheiði:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Ekið var slitlagi á 6.4 km langan kafla frá Grjóthálsi að Eystri-Fjallgarði og frá Löngublíð að hæð ofan við Ármótasel.

3. Austan Rangár:
Fjárveiting var 300 þús. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

4. Egilsstaðir—Höfðá:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Byggður var 2.1 km langur kafli innan við söluskála. Frágangi ólokið að hluta.

8. Breiðdalsá—Selá:
Fjárveiting var 2.3 m.kr. Lokið var við 1.5 km langan kafla um og innan við Þorgrímsstaði.

10. Runná—Skáli:
Fjárveiting var 3.5 m.kr. Frestað sbr. 2.1.6 2.0 m.kr. Lagfærður var 3.0 km langur kafli milli Skála og Runnár.

85 **Norðausturvegur:**

4. Norðan í Sandvíkurheiði:
Fjárveiting var 1.6 m.kr. Undirbyggður var 2.0 km langur kafli norðan í Sandvíkurheiði.

96 **Suðurfjarðavegur:**

3. **Óseyri—Tólftá:**

Fjárveiting var engin, en bráðabirgðalán 4.0 m.kr. út á fjárveitingu næsta árs. Einnig var unnið fyrir 2.2 m.kr. af Austurlandsáætlun, Merkigil —Kirkjubólssel. Byggður var 3.2 km langur kafli, en þó vantar töluvert á, að hann sé fullgerður, og allur frágangur er eftir.

4. Snæhvammur—Þverhamar:

Fjárveiting var 4.4 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 1.4 m.kr. Lokið var við 2.4 km langan kafla að öðru leyti en því, að slitlag vantar.

### 2.3.3. Til landsbrauta.

1 **Suðurlandsvegur:**

4. Á Mýrdalssandi:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Viðbót sbr. 2.1.6 100 þús. kr. Fór til greiðslu á skuld.

22 **Stórhöfðavegur:**

1. Ýmsir staðir:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Framkvæmdum frestað sbr. 2.1.6.

25 **Þykkvabæjarvegur:**

1. Við Bjólu:

Fjárveiting var 1.1 m.kr. Fullbyggður var 0.5 km langur kafli við Bjólu.

2. Djúpós—Þykkvibær:

Fjárveiting var 800 þús. kr. Frestað sbr. 2.1.6 300 þús. kr. Fjárveiting var notuð til að styrkja 2.0 km langan kafla neðan við Bjólu.

26 **Landvegur:**

1. Brúarlundur—Skarð:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Endurbyggður var 2.0 km langur kafli ofan við Brúarlund.

203 **Meðallandsvegur:**

1. Fljótakrókur—Syðri-Fljótar:

Fjárveiting var 1.8 m.kr. Undirbyggður var 1.6 km langur kafli milli Efri-Fljóta og Eldvatns. Ofaníburði frestað vegna tækjaskorts.

206 **Búlandsvegur:**

1. Hvammur—Skaftárdalur:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Byggður var 1.0 km langur kafli við Skaftárdal.

252 **Hólmavegur:**

1. Við vegamót Suðurlandsvegar:

Fjárveiting var 1.1 m.kr. Frestað sbr. 2.1.6 500 þús. kr. Fullbyggður var 0.6 km langur kafli til suðurs frá vegamótum.

268 **Þingskálavegur:**

1. Heiði—Víkingslækur:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá s.l. ári 800 þús. kr. Framkvæmdum frestað sbr. 2.1.6.

286 **Hagabraut:**

1. Ýmsir staðir:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Lagfærðir voru ýmsir staðir á Hagabraut.

33 Gaulverjabæjarvegur:

1. Um Baugsstaðasíki:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

2. Um Hraunsá:

Fjárveiting var 1.9 m.kr. Frestað sbr. 2.1.6 500 þús. kr. Undirbyggður var 0.5 km langur kafli við Hraunsá. Ekki tókst að ljúka við verkið, þar sem ekki var hægt að veita Hraunsá vegna óhagstæðs tíðarfars.

35 **Biskupstungnabraut:**

1. Við Gullfoss:

Fjárveiting var engin. Framlag sbr. 2.1.6 var 1.0 m.kr. Fór til greiðslu á skuld.

340 **Auðsholtsvegur:**

1. Við Sóleyjarbakka:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

341 **Langholtsvegur:**

1. Flúðir—Syðra-Langholt:

Fjárveiting 1.5 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 500 þús. kr. Byggður var 3.5 km langur kafli milli Efra-Langholts og Syðra-Langholts. Eftir er þó frágangur að miklu leyti.

362 **Fellsendavegur:**

1. Fellsendi—sýslumörk:

Fjárveiting 1.0 m.kr. Byggður var 1.0 km langur kafli milli Fellsenda og sýslumarka. Eftir er þó frágangur að mestu.

374 **Hvammsvegur:**

1. Gljúfurholt—Hvammur:

Fjárveiting var engin. Framlag sbr. 2.1.6 var 500 þús. kr. Byggður var 0.6 km langur kafli til að tengja nýja brú á Gljúfurá.

431 **Hafravatnsvegur:**

1. Vesturlandsvegur — vegamót að Reykjalundi:

Fjárveiting var engin, en geymt frá fyrra ári 1.8 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 1.5 m.kr. Lögð var olíumöl á 1.1 km langan kafla frá Vesturlandsvegi að vegamótum að Reykjalundi.

462 **Kjósarskarðsvegur:**

2. Vindás—Laxá:

Fjárveiting var 1.8 m.kr. Fjárveiting var notuð í kaflann milli Fremra-Háls og sýslumarka (sjá 462.3).

3. Fremri-Háls—sýslumörk:

Fjárveiting var 3.4 m.kr. Auk þess var fjárv. Vindás—Laxá notuð í þennan kafla, 1.8 m.kr. Byggður var 5.0 km langur kafli milli Fremra-Háls og sýslumarka.

50 **Borgarfjarðarbraut:**

5. Um Síðumúlaveggi:

Fjárveiting var engin, en lán frá Vesturlandsvegi um Bifröst 1.4 m.kr., sjá 2.3.1. Tekinn var í notkun 0.9 km langur kafli um Síðumúlaveggi, en frágangi er ólokið.

7. Um Hauga:

Fjárveiting var engin, en framlag sbr. 2.1.6 2.2 m.kr. Skuld frá fyrra ári 1.6 m.kr. Lokið frágangi á 1.0 km löngum kafla um Norðurá, sem unninn var 1972.

55 **Heydalsvegur:**

Fjárveiting var 5.4 m.kr. Frestað sbr. 2.1.6 200 þús. kr. Greidd var 2.0 m.kr. skuld frá fyrri árum. Tekið var 2.5 m.kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1974.

Fullgerður var 1.7 km langur kafli frá Oddastaðaá að Ölviskrossi, sem lagður var 1971, en ekki lokið. Einnig var lagður 0.7 km langur kafli frá Hraunholti að Hraunholtsá.

57 **Snæfellsnessvegur:**

3. Rannsóknir á Álftafirði:

Fjárveiting var 300 þús. kr. Geymt frá fyrra ári 100 þús. kr. Frestað sbr. 2.1.6 300 þús. kr. Gerðar voru mælingar á vegarstæði fyrir fjörðinn, og einnig voru gerðar nokkrar botnrannsóknir á línu yfir fjörðinn frá Krákunesi að Birgishöfða.

59 **Laxárdalsvegur:**

1. Hólkotsá—Sólheimar:

Fjárveiting var 2.6 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

503 **Akrafjallsvegur:**

1. Um Ytra-Hólm:

Fjárveiting var engin. Geymt frá fyrra ári 300 þús. kr. Viðbót sbr. 2.1.6 300 þús. kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.5 km langur kafli um Ytra-Hólm, sem byrjað var á 1972.

515 **Flókadalsvegur:**

1. Brúsholt—Skógar:

Fjárveiting var 1.1 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 1.0 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 2.3 km langur kafli milli Brúsholts og Skóga. Með þessari framkv. er kominn hringvegur í Flókadal.

518 **Hálsasveitarvegur:**

1. Um Kalmanstungu:

Fjárveiting var 1.3 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.6 km langur kafli um tún í Kalmanstungu.

527 **Varmalandsvegur:**

1. Varmaland—Einifell:

Fjárveiting var 200 þús. kr. Borið var ofan í 2.0 km kafla frá Varmalandi að Einifelli.

528 **Norðurárdalsvegur:**

2. Glitstaðir—Skarðshamrar:

Fjárveiting var 1.5 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

538 **Hraunhreppsvegur syðri:**

1. Akrar—Kálfalækur:

Fjárveiting var 700 þús. kr. Fór til greiðslu á framkvæmdum 1972.

574 **Útnesvegur:**

2. Um Hellissand:

Fjárveiting var 1.3 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

582 **Hálsabæjavegur nyrðri:**

1. Um Hamraendagil:

Fjárveiting var 1.3 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

590 **Klofningsvegur:**

2. Fábeinsá—Klofningur:

Fjárveiting var 1.6 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

60 **Vestfjarðavegur:**

1. Hnífsdalur—Ófæra:

Fjárveiting var engin, en geymt frá fyrra ári 1.3 m.kr. Lokið var við endurbyggingu á 0.5 km löngum kafla um Skarfasker.

2. Um Seljadal og Kálfadal:

Fjárveiting var 4.2 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 var 400 þús. kr. Lokið var við endurbyggingu á 0.9 km löngum kafla frá Skarfaskeri að Seljadal.

64 **Flateyrarvegur:**

2. Kaldá—Hvilft:

Fjárveiting var 2.6 m.kr. Frestað sbr. 2.1.6 400 þús. kr. Byggt var ræsi og lagður 0.1 km langur kafli um Kaldá. Einnig var byggt ræsi og lagður 0.3 km langur kafli um Hólsá.

65 **Súgandafjarðarvegur:**

2. Fyrir Spilli:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Framkvæmdum frestað sbr. 2.1.6.

605 **Tröllatunguheiði:**

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Yfirbyggður var 0.4 km langur kafli, en hætt við frekari framkvæmdir á heiðinni vegna aurbleytu. Endurbyggður var 0.1 km langur kafli í Hleypilækjarbrekku neðan við Tröllatungu.

607 **Reykhólasveitarvegur:**

1. Grímsnes—Hrafnanes:

Fjárveiting var 1.6 m.kr. Lokið var við nýbyggingu frá 1972, og byggður var 0.6 km langur kafli um Hrafnanes.

612 **Örlygshafnarvegur:**

2. Skersmúli—Kvígindisdalur:

Fjárveiting var 2.4 m.kr. Endurbyggður var 3.0 km langur kafli frá flugvellinum að Sauðlauksdalsvegi.

3. Um Geitagil:

Fjárveiting var engin, en geymt frá fyrra ári 400 þús. kr. Byggt var ræsi fyrir ofan bæinn Geitagil.

614 **Rauðasandsvegur:**

Fjárveiting var engin, en geymt frá fyrra ári 500 þús. kr. Viðbót sbr. 2.1.6 100 þús. kr. Mölborinn var 3.0 km langur kafli sunnan vegamóta Örlygshafnarvegar.

615 **Kollsvíkurvegur:**

1. Um Húsadal:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Viðbót sbr. 2.1.6 var 100 þús. kr. Tekinn var í notkun 200 m kafli í Húsadal.

617 **Tálknafjarðarvegur:**

Fjárveiting var 2.6 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6 var 100 þús. kr. Endurbyggður var 0.8 km langur kafli frá Gileyri að Tunguþorpi. Frágangi er ólokið.

622 **Svalvogavegur:**

Fjárveiting var engin, en unnið var fyrir 500 þús. kr. bráðabirgðalán. Ruddur var 4.0 km langur kafli um Ófæru í Svalvoga.

624 **Ingjaldssandsvegur:**

1. Vestfjarðavegur—Núpur:

Fjárveiting var 600 þús. kr. Viðbót sbr. 2.1.6. var 200 þús. kr. Endurbyggður var 2.5 km langur kafli frá Núpi að Gerðhömrum.

629 **Syðridalsvegur:**

Fjárveiting var 800 þús. kr. Til greiðslu á skuld frá fyrra ári fóru 600 þús. kr. Lokið var við frágang á 1.0 km löngum kafla frá fyrra ári.

633 **Vatnsfjarðarvegur:**

1. Um Bjarnastaðahlíð:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6. var 200 þús. kr. Grafnir voru skurðir með vegi og hann breikkaður á 4.5 km kafla frá Bjarnastöðum að Djúpvegi.

2. Reykjarfjarðarbotn:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Grafnir voru skurðir með vegi og hann breikkaður á 0.5 km löngum kafla í Reykjarfjarðarbotni.

641 **Krossárdalsvegur:**

Fjárveiting var 500 þús. kr. Unnið var að endurbótum og framræslu á 0.4 km löngum kafla.

643 **Strandavegur:**

3. Í Veiðileysufirði:

Fjárveiting var 600 þús. kr. Viðbót sbr. 2.1.6. var 300 þús. kr. Grafnir voru skurðir með vegi og hann mölborinn á 0.5 km löngum kafla úr Veiðileysufirði upp á Veiðileysuháls.

74 **Skagastrandarvegur:**

3. Um Hallá:

Fjárveiting var 1.1 m.kr. Framkvæmdum var frestað vegna þess að brúarframkvæmdum er ekki lokið.

4. Um Hrafná:

Fjárveiting var 900 þús. kr. Tengd var ný brú yfir Hrafná með 0.8 km löngum kafla.

702 **Heggstaðanesvegur:**

1. Mýrar—Bessastaðir:

Fjárveiting var 2.4 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6. var 1.8 m.kr. Lokið var við 1.0 km langan kafla frá fyrra ári og byggður 4.0 km langur kafli milli Mýra og Bessastaða.

714 **Fitjavegur:**

2. Fremri-Fitjar—Bjarg:

Fjárveiting var 2.0 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

722 **Vatnsdalsvegur:**

1. Miðhús—Norðurlandsvegur:

Fjárveiting var 3.7 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6. var 1.0 m.kr. Undirbyggður var 2.6 km langur kafli frá Norðurlandsvegi að Flóðvangi.

2. Um Kornsá:

Fjárveiting var 1.6 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

3. Haukagilsmelar:

Fjárveiting var 400 þús. kr. Byggður var 0.5 km langur kafli um Haukagilsmela.

4. Lagfæringar:

Fjárveiting var 400 þús. kr. Byggður var 0.5 km langur kafli um Haukagilsmela í framhaldi af kafla 722.3.

731 **Svínvetningabraut:**

1. Sólheimar—Kjalvegur:

Fjárveiting var 2.2 m.kr. Byggður var 0.5 km langur kafli um Svínavatn og styrktur 4.0 km langur kafli sunnan Svínavatns.

734 **Svartárdalsvegur:**

1. Snjóastaðir:

Fjárveiting var 1.7 m.kr. Byggður var 0.7 km langur kafli við Fjósakleif og sunnan við Hvamm. Einnig voru gerðar lagfæringar á þremur öðrum stöðum.

745 **Skagavegur:**

1. Spákonufell—Harastaðir:

Fjárveiting var 2.3 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6. var 600 þús. kr. Undirbyggður var 4.5 km langur kafli frá Spákonufelli að Harastöðum.

2. Snjóastaðir:

Fjárveiting var 800 þús. kr. og bráðabirgðalán 300 þús. kr. út á vegáætlun 1975. Vegurinn var lagfærður við Harastaðaá, Hof, Króksbjarg og Stórhól.

6. Selá—Bergskáli:

Fjárveiting var engin, en lánað af Norðurlandsáætlun 2.6 m.kr. út á vegáætlun 1975. Byggður var 2.5 km langur kafli frá Skagavegi niður að Hvalnesi og frá Álftavatni að Selá.

7. Um Bakkaá:

Fjárveiting var 600 þús. kr. Viðbót sbr. 2.1.6. var 300 þús. kr. Framkvæmdum var frestað sökum þess, að ekki reyndist unnt vegna anna að byggja smábrú á Bakkaá.

751 **Efribyggðarvegur:**

1. Ytravatn—Álfgeirsvellir:

Fjárveiting var 900 þús. kr. Lokið var við yfirbyggingu á 2.4 km löngum kafla frá Ytravatni að Álfgeirsvöllum.

762 **Sæmundarhlíðarvegur:**

Fjárveiting var 300 þús. kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

766 **Út-Blönduhlíðarvegur:**

1. Þverá—Ytri-Brekkur:

Fjárveiting var 600 þús. kr. Grafnir voru rúmlega 2 km langir skurðir og endurnýjuð ræsi á kaflanum frá Þverá að Syðri-Brekkum.

85 **Norðausturvegur:**

1. Um Axarfjarðarheiði:

Fjárveiting var 700 þús. kr. Framkvæmdum var frestað.

802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:**

1. Ólafsfjarðarvegur—Vatnsendi:

Fjárveiting var 4.9 m.kr. Frestað sbr. 2.1.6. 200 þús. kr. Innstæða frá fyrra ári var 700 þús. kr. og lán frá Kleifavegi (803) 450 þús. kr. Lokið var að mestu við 4.3 km langa undirbyggingu frá Vatnsenda að Kálfsá og frá Kálfsárkoti að Hóli. Einnig var styrktur 0.8 km langur kafli frá Kálfsá að Kálfsárkoti.

803 **Kleifavegur:**

1. Sunnan Syðri-Ár:

Fjárveiting var 300 þús. kr. Viðbót sbr. 2.1.6. 200 þús. kr. Þar af voru 450 þús. kr. lánaðar til Ólafsfjarðarvegar eystri (802) 1. Ólafsfj.v.—Vatnsendi.

805 **Svarfaðardalsvegur:**

1. Ólafsfjarðarvegur—Syðra-Holt:

Fjárveiting var 1.6 m.kr. Byggður var 1.0 km langur kafli, sem eftir er að ganga frá hjá Hrappstöðum.

2. Húsabakkaskóli—Grund:

Fjárveiting var 1.9 m.kr., lán frá Skíðadalsvegi 800 þús. kr. og bráðabirgðalán 2.0 m.kr. Byggður var 2.1 km langur kafli, sem eftir er að ganga frá, um Tjörn að Grund.

807 **Skíðadalsvegur:**

1. Hrísar—Skáldalækur:

Fjárveitingin 800 þús. kr. var lánuð til Svarfaðardalsvegar (805) 2. Húsabakkaskóli—Grund.

815 **Hörgárdalsvegur:**

1. Þríhyrningur—Hólkot:
   Fjárveiting var 1.8 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6. 500 þús. kr. Byggður var 1.1 km langur kafli um Auðbrekku, sem eftir er að ganga frá að nokkru.

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**

1. Hvammur—Grund:
   Fjárveiting var 1.0 m.kr. Frestað sbr. 2.1.6. 500 þús. kr. Fór til greiðslu á framkvæmdum 1972.

826 **Eyjafjarðarbraut eystri:**

1. Um Rifkelsstaði:
   Fjárveiting var engin, en innstæða frá fyrra ári 4.2 m.kr. Byggður var 1.8 km langur kafli um Rifkelsstaði.

832 **Brúarvegur:**

1. Um Fnjóskárbrú:
   Fjárveiting var 200 þús. kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

833 **Illugastaðavegur:**

1. Skógar—Hróarsstaðir:
   Fjárveiting var 1.6 m.kr. Frestað sbr. 2.1.6. 600 þús. kr. Byggður var 0.6 km langur kafli norðan við Hróarsstaði.

835 **Fnjóskadalsvegur eystri:**

1. Sunnan Veisusels:
   Fjárveiting var 1.1 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6. 300 þús. kr. Endurbyggður var 1.2 km langur kafli milli Hallgilsstaða og Veisusels.
2. Norðan Þingmannalækjar:
   Fjárveiting var 500 þús. kr. Lagfærð var brött brekka norðan Þingmannalækjar.

836 **Vaglaskógarvegur:**

1. Hjá Mörk:
   Fjárveiting var 300 þús. kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

846 **Austurhlíðarvegur:**

1. Litlu-Laugar—Stóru-Laugar:
   Fjárveiting var 1.0 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6. 500 þús. kr. Byggður var 1.1 km langur kafli sunnan Stóru-Lauga.

848 **Mývatnssveitarvegur:**

Fjárveiting var engin, en unnið var fyrir 3.0 m.kr. bráðabirgðalán. Vegurinn var styrktur og lagfærður á nokkrum stöðum frá Geiteyjarströnd að Arnarvatni.

849 **Baldursheimavegur:**

Fjárveiting var 400 þús. kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.1.6.

851 **Út-Kinnarvegur:**

1. Sunnan Geirbjarnarstaða:
   Fjárveiting var 700 þús. kr. Frestað sbr. 2.1.6. 200 þús. kr. Grafinn var skurður sunnan Geirbjarnarstaða.

854 **Staðarbraut:**

1. Grenjaðarstaðir—Laxá:

Fjárveiting var engin, en unnið var fyrir 1.1 m.kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1975. Endurbyggður var 1.2 km langur kafli frá Staðarhóli að vegamótum Laxárdalsvegar vestri.

856 **Laxárdalsvegur vestri:**

1. Brúar—Birningsstaðir:

Fjárveiting var engin, en unnið var fyrir 2.0 m.kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1975. Byggður var 1.4 km langur kafli um Brúar.

867 **Austursandsvegur:**

Fjárveiting var 600 þús. kr. Frestað sbr. 2.1.6. 300 þús. kr. Vegurinn var mölborinn og skipt um ræsi vestan Sandár.

1 **Austurlandsvegur:**

1. Vegamót Hafnarvegar—Laxá:

Fjárveiting var 4.4 m.kr. Reyndist hún ekki nægjanleg til þess að byggja fyrirhugaðan kafla frá Hafnarvegi að Laxá. Þess í stað var lokið við 3.0 km langan kafla um Krossbæ að Hoffellsá.

4. Sléttaleiti—Reynivellir:

Fjárveiting var 2.0 m.kr. Lokið var við 2.0 km langan kafla hjá Breiðabólstað.

5. Kvíá—Hof:

Fjárveiting var 1.6 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári, 1.1 m.kr. Lokið var við 0.3 km langan kafla við Stigá.

85 **Norðausturvegur:**

3. Í Langadal:

Fjárveiting var 2.6 m.kr. og 5.5 m.kr. samkv. Austurlandsáætlun. Byggður var og tekinn í notkun 9.7 km langur kafli um og ofan við Hölkná. Eftir er að setja slitlag á kaflann, og frágangur er að nokkru leyti eftir.

93 **Seyðisfjarðarvegur:**

2. Vesturhluti heiðar:

Fjárveiting var 400 þús. og 6.3 m.kr. samkv. Austurlandsáætlun. Viðbót sbr. 2.1.6. var 1.0 m.kr. Lokið var að mestu við 5.0 km langan kafla frá Norðurbrún að Heiðarvatni, sem byrjað var á 1974.

94 **Borgarfjarðarvegur:**

2. Hjartarst.—Hrollaugsstaðir:

Fjárveiting var 4.0 m.kr. Teknir voru fyrir tveir kaflar, annar utan Eiðaaxla og hinn við Ketilstaði, samtals 1.9 km. Uppbyggingu að mestu lokið, en þó töluvert eftir í frágangi og lagningu jöfnunarlags og slitlags.

925 **Hróarstunguvegur:**

2. Heykollsstaðir—Rangá:

Fjárveiting var 1.5 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6. var 500 þús. kr. Lokið var að mestu við 1.3 km langan kafla við Rangá.

926 **Húseyjarvegur:**

1. Um Hrærekslæk:

Fjárveiting var engin, en framlag sbr. 2.1.6. var 1.0 m.kr. Lokið var við að aka burðarlagi á 4.0 km uppýttan veg utan við Hrærekslæk.

937 **Skriðdalsvegur:**

1. Lynghóll—Flaga:

Fjárveiting var 1.5 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6. 1.0 m.kr. og bráðabirgðalán 250 þús. kr. Lokið var að mestu leyti við 2.3 km kafla innan við Mýrar, og byggt var eitt ristarhlið.

939 Axarvegur:

Fjárveiting var 600 þús. kr. Lagfærður var ruddur vegur um Öxi.

944 **Lagarfossvegur:**

2. Dratthalastaðir—Foss:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Árin 1970 og 1971 var byggður 2.9 km kafli um Ekru að Lagarfossi. Rafmagnsveitur ríkisins lánuðu þá fé til verksins vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda við Lagarfoss.

Fjárveitingin fór til greiðslu upp í þessa skuld.

953 **Mjóafjarðarvegur:**

Fjárveiting var 500 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1974 300 þús. kr. Lagfærðir voru nokkrir snjóastaðir og sett niður nokkur ræsi á Mjóafjarðarheiði.

954 **Helgustaðavegur:**

Fjárveiting var 600 þús. kr. Lagfærðir voru tveir snjóastaðir, annar neðan Helgustaða, hinn milli Helgustaða og Sigmundarhúsa, alls 0.9 km.

### 2.3.4. Girðingar og uppgræðsla.

Fjárveiting var 15.2 m.kr., og var 9.7 m.kr. varið til girðinga og 5.5 m.kr. til uppgræðslu.

Sáð var í gömul flög meðfram vegum og auk þess borið á svæði, sem sáð hafði verið í árið áður.

Gerður var verksamningur við fyrirtækið Nýsáning h.f. um sáningu og dreifingu á áburði. Fyrirtækið flutti inn vél, sem sérstaklega er ætluð til þess að dreifa fræi og áburði blönduðu í vatni, og fékkst á þann hátt nokkuð jöfn dreifing. Þær vélar, sem höfðu áður verið notaðar og Vegagerðin hafði keypt til reynslu fyrir nokkrum árum, dreifðu þurri blöndu af fræi og áburði, en það reyndist ekki vel, m. a. vegna vinda.

Einnig var gerð tilraun með að blanda sérstöku bindiefni saman við fræ og áburð, sem auk þess að hefta lausan jarðveg og vernda þannig fræ og áburð heldur jarðveginum rökum, meðan á spírun stendur.

Fjárveitingu til girðinga var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt girðingalögum um girðingar með vegum og ristarhlið. Í árslok 1973 var gerð könnun á, hve mikið væri óbætt af slíkum kröfum, og kom í ljós, að þær námu 88.2 m.kr.

Í árslok 1972 námu kröfur um girðingar 43.5 m.kr., og nemur því hækkun á eldri kröfum vegna verðbreytinga ásamt nýjum kröfum 44.7 m.kr. þrátt fyrir 9.7 m.kr. fjárveitingu á árinu.

### 2.3.6.2. Skeiðarársandur.

Fjárveiting var 230 m.kr. Vegna verðhækkana og breytinga á áfangaskiptingu í framkvæmdunum, sem samþykkt var af ráðuneytinu í ársbyrjun, var framkvæmdakostnaður á þessu ári áætlaður 412 m.kr. miðað við verðlag í ágúst 1973, og er áður gerð grein fyrir fjáröflun, sem leiðir af þessari hækkun.

Lokið var við byggingu brúar á Súlu, en stöplar brúarinnar voru byggðir 1972. Er brúin 420 m að lengd. Þá voru einnig byggðar brýr á Gígju, 376 m, Sæluhúsvatn, 50 m, Heiðarlæk, 8 m, og yfirbygging brúarinnar á Skaftafellsá styrkt og endurbætt. Loks var byggður vesturhluti brúarinnar á Skeiðará, 540 m, auk sérstakrar tengibrúar, sem byggð var í því skyni að hleypa umferð á þennan hluta brúarinnar.

Gerðir voru varnargarðar við brýrnar á Súlu, 5.4 km, og Gígju, 1.4 km, og er þeim að mestu lokið, en þó er ýmis konar frágangsvinna eftir. Þá var hafin gerð varnargarða við Skeiðará, og var einkum unnið austan árinnar. Var þar lokið við um 5.0 km af görðum, og auk þess hefur 1.5 km verið ýtt upp, en þeir hafa ekki verið grjótvarðir.

Byggður var vegur milli Lómagnúps og Skeiðarár, svo og austan Skeiðarár að Skaftafellsá, alls 29.2 km.

Þessum framkvæmdum var lokið í nóvember, og voru mannvirkin tekin til umferðar 1. desember með gerð áðurnefndrar tengibrúar og bráðabirgðavegar austan Skeiðarár.

Auk framkvæmdanna á sjálfum Skeiðarársandi var lokið frágangi við vegi og brýr frá Kirkjubæjarklaustri að Lómagnúpi. Þá var byggður 1.0 km langur vegarkafli af hinum nýja Suðurlandsvegi við Geirlandsá á gamla Suðurlandsveginn móts við Prestbakka. Ennfremur var byggður 2.7 km langur vegur af hringveginum vestan Skaftafellsár að þjóðgarðinum í Skaftafelli og 8 m brú á Heiðarlæk.

Á fskj. 2.3.6.2.—1 er sýnd staða framkvæmda á Skeiðarársandi.

### 2.3.6.3. Austurlandsáætlun.

1 **Austurlandsvegur:**

3. Teigará—Hvanná:
   Fjárveiting var 3.8 m.kr. Byggður var 1.8 km langur kafli milli Teigarár og Víkalæks. Eftir er að leggja slitlag.

11. Melrakkanes—Geithellnaá:
   Fjárveiting var 1.6 m.kr. Viðbót sbr. 2.1.6. 1.5 m.kr. Einnig var unnið fyrir 4.6 m.kr. fjárveitingu í kaflann Geithellnaá—Hærukollsnes. Lokið var að mestu við 2.2 km langan kafla innan Blábjarga.

12. Geithellnaá—Hærukollsnes:
   Fjárveiting var 4.6 m.kr., sjá kafla 11. Melrakkanes—Geithellnaá.

85 **Norðausturvegur:**

1. Langadalsvarða—Hölkná:
   Fjárveiting var 5.5 m.kr., sjá 2.3.3. Norðausturvegur, 3. Í Langadal.

3. Rangá—kauptún:
   Fjárveiting var 4.0 m.kr. Miklar sprengingar voru framkvæmdar rétt innan við kauptún. Lokið að mestu við 1.5 km langan kafla þar. Bæta þarf þó frágang.

92 **Norðfjarðarvegur:**

2. Mýrarbotnar—Búðareyri:
   Fjárveiting var 700 þús. kr. Viðbót sbr. 2.1.6. 500 þús. kr. Byggður var 0.6 km langur kafli um nýja brú á Grjótá.

4. Jarðgöng:

Fjárveiting var 31.2 m.kr. Sömu verktakar unnu að verkinu og árið áður, Gunnar og Kjartan s.f. og Húsiðjan h.f. Vorið 1973 var gerður nýr samningur við verktaka um sprengingu ganganna, sem byggður var á reynslu fyrra árs. Kostnaður við verkið hækkar nokkuð samkvæmt hinum nýja samningi. Lengd jarðganga er nú 441 m, og er þá lokið hinni eiginlegu gangasprengingu. Lokið er að mestu við 1.5 km langan vegarkafla Eskifjarðarmegin skarðsins og undirbyggður 0.5 km langur kafli Norðfjarðarmegin. Eftir er að byggja um 200 m langa forskála við gangaendana, og þarf að sprengja fyrir þeim á um 100 m kafla. Einnig er eftir að styrkja göngin, ljúka við veginn o. fl.

93 Seyðisfjarðarvegur:

1. Fjarðarheiði:

Fjárveiting var 6.3 m.kr., sjá 2.3.3. Seyðisfjarðarvegur 2. Vesturhluti heiðar.

96 Suðurfjarðavegur:

2. Gripaldi—Kolmúli:

Fjárveiting var 6.3 m.kr. Til greiðslu á framkvæmdum 1972 fóru 3.8 m.kr. Lokið var að mestu við 4.4 km langan kafla, sem unnið var við á fyrra ári innan við Eyri.

4. Merkigil—Kirkjubólssel:

Fjárveiting var 5.6 m.kr. Frestað sbr. 2.1.6. 3.4 m.kr. Fjárveitingin var notuð í Suðurfjarðarveg, Óseyri—Tólftá.

### 2.3.6.4. Norðurlandsáætlun.

68 Hólmavíkurvegur:

1. Um Borðeyri:

Fjárveiting var 4.5 m.kr. Tekinn var í notkun 1.3 km langur kafli um Borðeyri, en frágangi er ekki að fullu lokið

2. Um Ennisháls:

Fjárveiting var 4.0 m.kr. Tekinn var í notkun 1.5 km langur kafli á Ennishálsi og lokið var við 1.4 km langan kafla, sem var undirbyggður 1972.

3. Húsavíkurkleif—Hrófá.

Fjárveiting var 800 þús. kr. Gerðar voru endurbætur á nýbyggingu frá 1972 með tilliti til snjóa. Einnig voru gerðar ráðstafanir til að minnka hættu á krapamyndun í Hrófá.

1 Norðurlandsvegur:

1. Staður—Reykir:

Fjárveiting var 10.0 m.kr. Lokið var við kaflann frá fyrra ári, Staður —Oddstaðagil, og byggður 2.2 km langur kaflii frá Oddstaðagili að Gilsstöðum.

2. Brú á Dalsá:

Fjárveiting var 1.4 m.kr. og lánað af Norðurlandsáætlun 1.0 m.kr. út á vegáætlun 1975. Tengd var ný brú á Melrakkadalsá með 0.9 km löngum kafla.

3. Um Hnausakvísl:

Fjárveiting var 8.2 m.kr. Byggður var 1.8 km langur kafli, sem eftir er að ganga frá, um Hnausakvísl og Árfarið.

4. Í Langadal:

Fjárveiting var 1,3 m.kr. Gengið var frá 3.1 km löngum kafla, frá fyrra ári, á milli Fremstagils og Geitaskarðs.

6. Á Öxnadalsheiði:

Fjárveiting var 8.5 m.kr. Undirbyggður var 1.6 km langur kafli norðan Bakkasels. Framkvæmdum var ekki lokið.

7. Um Háls:

Fjárveiting var 700 þús. kr. Framkvæmdum var frestað vegna rannsókna á vegstæði.

8. Um Skjálfandafljót:

Fjárveiting var 800 þús. kr. Lokið var við 0.7 km langa tengingu Skjálfandafljótsbrúar.

74 **Skagastrandarvegur:**

1. Brú á Laxá:

Fjárveiting var 2.0 m.kr. og lánað af Norðurlandsáætlun 1.0 m.kr. út á vegáætlun 1974. Lokið var við 0.9 km langa bráðabirgðatengingu Laxárbrúar.

76 **Siglufjarðarvegur:**

Um Höfðahóla:

Fjárveiting var engin, en lánað af Norðurlandsáætlun 4.5 m.kr. Byggður var 2.2 km kafli norðan Höfða.

1. Móskógar—Brúnastaðir:

Fjárveiting var 11.0 m.kr. og lánað af Norðurlandsáætlun 2.9 m.kr. Lokið var við undirbyggingu og hluta burðarlags á 7.4 km löngum kafla frá Móskógum að Fljótaá.

2. Lýsing í Strákagöng:

Fjárveiting var 2.1 m.kr. Sett var upp lýsing í Strákagöng, 800 m löng.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

1. Hörgárbrú—Hagaás:

Fjárveiting var 14.0 m.kr. Keyrt var jöfnunar- og slitlagi í 5.1 km kafla frá Syðri-Haga að Kambhóli og greiddur lokareikningur Norðurverks 1.1 m.kr. Undirbyggður var 2.7 km kafli sunnan Reistarár og yfirbygging án jöfnunarlags og slitlags sett á 4.1 km langan kafla um Reistará.

83 **Grenivíkurvegur:**

1. Á Svalbarðsströnd:

Fjárveiting var 8.0 m.kr. Sett voru nokkur ræsi í veginn, en framkvæmdum var að mestu frestað vegna tíðarfars.

85 **Norðausturvegur:**

1. Í Köldukinn:

Fjárveiting var 12.7 m.kr. og lánað af Norðurlandsáætlun 3.8 m.kr. Byggður var 6.0 km langur kafli frá Norðurlandsvegi við Kross að Árlandi.

2. Bakki—Rekárgil:

Fjárveiting var 800 þús. kr. Undirbyggð var heimreið að Bakka. Framkvæmdum frestað að öðru leyti vegna anna.

3. Sandá—Hölkná:

Fjárveiting var 6.2 m.kr. Byggður var 3.2 km langur kafli milli Sandár og Hölknár.

853 **Hvammavegur:**

1. Klömbur—Mývatnsvegur:

Fjárveiting var 6.3 m.kr. Byggður var 2.7 km langur kafli, sem eftir er að ganga frá á milli Klömbur og Mývatnsvegar.

88 **Raufarhafnarvegur:**

1. Um Svelting:

Fjárveiting var 7.1 m.kr Byggður var 3.1 km langur kafli um Svelting.

89 **Hálsavegur:**

1. Fremri-Háls—Svalbarðsá:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Endurbyggður var 0.6 km langur kafli milli Sævarlands og Tunguár.

**2.3.6.5. Djúpvegur.**

61 **Djúpvegur:**

1. Skarð—Eyri:

Fjárveiting var 25.0 m.kr. Lokið var við frágang á 14.2 km löngum kafla frá Hjöllum að Borg. Yfirbyggður var 13.5 km langur kafli frá Borg að Hvítanesi, en frágangi ekki lokið. Grófunnin var undirbygging á 11.0 km löngum kafla frá Hesteyri í Hestfjarðarbotn og á 4.5 km löngum kafla frá Jónseyri að Eiði. Unnið var að frágangi á 3.0 km löngum kafla frá Kleifum að Uppsölum.

**2.3.7. Vextir og afborganir af lánum.**

Til greiðslu vaxta og afborgana af lánum voru áætlaðar 227.8 millj. kr. samkvæmt vegáætlun, er skiptust þannig, að 31.7 millj. kr. skyldu greiðast af bensíngjaldi, en 196.1 millj. kr. með sérstakri fjáröflun.

Ríkissjóður sá um allar þessar greiðslur eins og undanfarin ár, og námu þær alls 296.0 millj. kr. samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins. Þar af voru afborganir 83.7 millj. kr., en afgangurinn vextir og vísitöluálag.

Að öðru leyti vísast um þetta til kafla 2.3.0. hér að framan.

## 2.4. TIL FJALLVEGA O. FL.

**2.4.1. Til aðalfjallvega.**

1. **Kaldadalsvegur:**

Fjárveiting var 350 þús. kr., og var henni varið til viðhalds á veginum.

2. **Kjalvegur:**

Fjárveiting var 775 þús. kr., og var henni varið til viðhalds á veginum. Með fjárveitingu til brúagerða var byggð brú á Hvítá sbr. 2.5.1.

3. **Fjallabaksleið nyrðri:**

Fjárveiting var 350 þús. kr., og var henni varið til viðhalds á veginum.

4. **Sprengisandsleið:**

Fjárveiting var 1.025 m.kr., og var henni varið til viðhalds á veginum. Haldið var áfram endurbótum á leiðinni frá Austurlandsvegi um brú á Kreppu. Einnig var vegurinn úr Vesturdal í Skagafirði um brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug lagfærður.

### 2.4.2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting var 3.7 m.kr., og var henni skipt eins og hér greinir:

| Heiti vegar | Kjördæmi | Upph. í þús. kr. | |
|---|---|---|---|
| 1. Vegur að Laka | Suðurland | 80 | |
| 2. Fjallabaksvegur syðri | — | 40 | |
| 3. Afréttarvegur Hvolhrepps | — | 50 | |
| 4. Afréttarvegur Flóa og Skeiða | — | 40 | |
| 5. Afréttarvegur Hrunamanna | — | 50 | |
| 6. Vegur á Haukadalsheiði | — | 30 | |
| 7. Kerlingafjallavegur | — | 30 | |
| 8. Hlöðuvallavegur | — | 30 | |
| | | | 350 |
| 9. Bláfjallavegur | Reykjanes | 1 000 | |
| 10. Vegir að skíðaskálum | — | 60 | |
| | | | 1 060 |
| 11. Vegur að Langavatni | Vesturland | 40 | |
| 12. Vegur um Arnarvatnsheiði | — | 40 | |
| 13. Vegur að Hítarvatni | — | 40 | |
| 14. Vegur á Akrafjall | — | 50 | |
| 15. Vegur með Kjarrá | — | 40 | |
| 16. Vegur um Laugardal | — | 30 | |
| 17. Vegur fram með Fljótstunguhl. | — | 30 | |
| 18. Vegur um Flekkudal og Galtardal | — | 30 | |
| | | | 300 |
| 19. Vegur að Keflavík | Vestfirðir | 60 | |
| 20. Vegur að Vatnsdalsvatni | — | 20 | |
| 21. Vegur um Kollafjarðarh. | — | 50 | |
| 22. Vegur að skíðaskála á Ísaf. | — | 30 | |
| 23. Vegur um Steingrímsfj.h. | — | 60 | |
| 24. Vegur um Dalsheiði | — | 40 | |
| | | | 260 |
| 25. Vegur um Víðidalstunguh. | Norðurl vestra | 90 | |
| 26. Vegur um Grímstunguheiði | — | 60 | |
| 27. Vegur um Kiðaskarð og Mælifellsd. | — | 40 | |
| 28. Vegur um Eyvindarstaðaheiði | — | 40 | |
| 29. Vegur að Litlasandi | — | 40 | |
| 30. Vegur suður Goðdalafjall | — | 40 | |
| 31. Ýmsir fjallvegir í Skag. og A.-H. | — | 40 | |
| | | | 350 |
| 32. Vegur að skíðahóteli við Akureyri | Norðurl eystra | 500 | |
| 33. Vegur um Hörgárdalsheiði | — | 20 | |
| 34. Vegur að afrétt Svarfaðardalshr. | — | 10 | |
| 35. Vegur um Leirdalsheiði | — | 20 | |
| 36. Vegur um Flateyjardalsh. | — | 20 | |
| 37. Vegur í Fellsskóg | — | 20 | |
| 38. Vegur að Grjótagjá | — | 20 | |
| 39. Vegur í Öskju | — | 60 | |
| 40. Vegur að Dettifossi | — | 30 | |
| 41. Ýmsir fjallv. í Eyjafj. og S.-Þing. | — | 70 | |
| 42. Vegur um Hólmatungur | — | 60 | |
| 43. Vegur um Búrfellsheiði | — | 20 | |
| | | | 850 |
| 44. Saurbæjarheiði | Austurland | 30 | |
| 45. Miðfjarðarheiði | — | 30 | |
| 46. Smjörvatnsheiði | — | 20 | |
| 47. Brúarvegur á Jökuldal | — | 30 | |
| 48. Eyvindará, vegur að brú | — | 30 | |
| 49. Fljótsdalsheiði | — | 20 | |
| 50. Göngubrú á Strútsá + vegur | — | 30 | |

| Heiti vegar | Kjördæmi | Upph. í þús. kr. | |
|---|---|---|---|
| 51. Víðivallaháls | Austurland | 10 | |
| 52. Múla- og Geitdalsafrétt | — | 30 | |
| 53. Sandaskörð | — | 30 | |
| 54. Breiðavík | — | 10 | |
| 55. Reindalsheiði í Breiðdal | — | 40 | |
| 56. Afréttarvegur í Berufirði | — | 30 | |
| 57. Smalavegir í Geithellnahr. | — | 30 | |
| 58. Kollumúli | — | 80 | |
| | | | 450 |
| 59. Ferðafélag Akureyrar (sæluhús) | | 40 | |
| 60. Ferðafélag Íslands (sæluhús) | | 40 | |
| | | | 80 |
| | Alls | 3 700 | |

### 2.4.3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 300 þús. kr., og inneign frá fyrra ári, sem nam 86 þús. kr. Landssamband hestamanna skipti þessari upphæð til hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hestamannafélagið | Geysir, Rangárvöllum | 30 þús. kr. |
| 2. | — | Máni, Keflavík | 20 — — |
| 3. | — | Gustur, Kópavogi | 60 — — |
| 4. | — | Fákur, Reykjavík | 80 — — |
| 5. | — | Hörður, Kjósarsýslu | 36 — — |
| 6. | — | Dreyri, Akranesi | 40 — — |
| 7. | — | Snæfellingur, Snæfellsnesi | 30 — — |
| 8. | — | Léttfeti, Sauðárkróki | 20 — — |
| 9. | — | Stígandi, Skagafirði | 30 — — |
| 10. | — | Freyfaxi, Egilsstöðum | 40 — — |
| | | Alls | 386 þús. kr. |

## 2.5. TIL BRÚAGERÐA

### 2.5.1. Til brúa 10 m og lengri.

18. **Brú á Þverárvötn hjá Þverá, V.-Skaft. (einkav.):**
Byggð var 24 m löng stálbitabrú með timburgólfi í þrem höfum. Áætlaður kostnaður var 0.6 m.kr., og greiðist helmingur kostnaðar úr vegasjóði.

19. **Brú á Hvítá á Kjalvegi (aðalfjallv.):**
Byggð var 73 m löng stálbitabrú með timburgólfi í þrem höfum. Leysti hún af hólmi gamla hengibrú, sem orðin var mjög burðarlítil. Brúin var tekin til umferðar í september. Áætlaður kostnaður var 11.2 m.kr.

20. **Brú á Leirvogsá (36):**
Byggð var 12 m löng steypt bitabrú í einu hafi með tvöfaldri akbraut, og kom hún í stað gamallar og mjórrar brúar, sem hafði mjög slæma aðkeyrslu. Brúin var tekin til umferðar í desember. Áætlaður kostnaður var 6.9 m kr.

21. **Brú á Langá á Mýrum (54):**
Byggð var 30 m löng steypt bitabrú í tveim höfum, og kom hún í stað gamallar og mjórrar brúar. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 6.1 m.kr.

22. **Brú á Vatnsholtsá (54):**
Byggð var 12 m löng steypt bitabrú í einu hafi. Leysti hún af hólmi gamla og mjóa brú. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 2.3 m.kr.

23. **Brú á Gríshólsá (57):**

Byggð var 10 m löng steypt bitabrú í einu hafi, og kom hún í stað gamallar og mjórrar brúar með mjög hættulega aðkeyrslu. Brúin var tekin til umferðar í desember. Áætlaður kostnaður var 2.5 m.kr.

24. **Brú á Glerá í Dölum (60):**

Byggð var 40 m löng steypt bitabrú í þrem höfum. Leysti hún af hólmi gamla brú, sem orðið hafði fyrir endurteknum áföllum síðustu ár. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 3.8 m.kr.

25. **Brú á Miklagil á Holtavörðuheiði (1):**

Fjárveiting var 4.8 m.kr. Framkvæmdum var frestað skv. lið 2.1.6.

26.. **Brú á Kornsá í Vatnsdal (722):**

Fjárveiting var 3.2 m.kr. Framkvæmdum við þessa brú var frestað skv. lið 2.1.6.

27. **Brú á Hrafná hjá Skagaströnd (74):**

Byggð var 12 m löng steypt brú í einu hafi, og kom hún í stað gamallar brúar, sem orðin var mjög léleg. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 3.0 m.kr.

28. **Brú á Hallá í A.-Hún. (74):**

Fjárveiting var 3.0 m.kr. Var hafin bygging 12 m langrar steyptrar brúar, en ekki tókst að ljúka framkvæmdum á árinu.

29. **Brú á Djúpá í Ljósavatnsskarði (1):**

Byggð var 10 m löng steypt brú í einu hafi, og kom hún í stað gamallar og mjórrar brúar, sem hafði mjög erfiða aðkeyrslu. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 1.9 m.kr.

30. **Brú á Seljadalsá í S.-Þing. (1):**

Fjárveiting var 3.2 m.kr., og skyldi henni varið til byggingar 14 m langrar steyptrar bitabrúar. Vegna mikilla verkefna við brúagerð samkvæmt Norðurlandsáætlun, sem þó voru ákveðin mjög seint, varð ekki af framkvæmdum við þessa brú.

31. **Brú á Lagarfljót á Fossi (944):**

Fjárveiting var 2.1 m.kr., og var henni varið til að greiða hluta byggingarkostnaðar brúarinnar, en brú þessi er hluti af mannvirkjagerð við virkjun Lagarfoss.

32. **Brú á Miðhúsaá á Fjarðarheiði (93):**

Byggð var 42 m löng steypt bitabrú í þrem höfum á nýrri leið yfir Fjarðarheiði. Var brúin tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 7.4 m.kr.

33. **Brú á Fossá í Berufirði (einkav.):**

Fjárveiting var 0.1 m.kr., og var henni varið til að greiða helming kostnaðar við byggingu brúarinnar, en eigandi vegarins byggði brúna árið 1971.

34. **Brú á Bergá í Nesjum (1):**

Fjárveiting var 3.2 m.kr. Framkvæmdum var frestað skv. lið 2.1.6.

Allar tölur um áætlaðan kostnað, sem tilgreindar eru í þessum kafla, eru miðaðar við vísitölu brúargerðar 1651, en það er sú vísitala, sem reiknað var með

fyrir árið 1973 í núgildandi vegáætlun. Vísitala brúagerða í ágúst 1973 varð hins vegar 2129, og er gert ráð fyrir, að kostnaður hafi aukist sem nemur vísitöluhækkuninni, sbr. kafla um áhrif verðhækkana hér áður.

### 2.5.2. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 15.0 m.kr., og var henni varið til byggingar brúa á eftirtaldar ár:

| Heiti | Vegur nr. | Lengd m | Áætl. kostn. m.kr. | Áætl. kostn. vegasj. m.kr. | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Hraunsá við Stokkseyri | 33 | 7 | 2.0 | 2.0 | Endurbygging |
| 2. Hálsá á Kjósarskarðsv. | 462 | 4 | 1.2 | 1.2 | |
| 3. Grjótá á Kjósarskarðsv. | 462 | 4 | 2.0 | 2.0 | |
| 4. Kaldá í Önundarf. | 64 | 4 | 1.3 | 1.3 | Endurbygging |
| 5. Sandalækur í Miðfirði | 702 | 4 | 1.0 | 1.0 | Endurbygging |
| 6. Bakkaá í Skagaf. | 745 | 4 | 2.5 | 2.5 | Ekki lokið |
| 7. Sæmundará í Vatnsskarði | einkav. | 9 | 1.0 | 0.5 | |
| 8. Helluvaðsá í Mývatnssveit | sýsluv. | 8 | 1.1 | 0.3 | |
| 9. Gagnheiðará | 93 | 8 | 1.8 | 1.8 | |
| 10. Hrærekslækur | 926 | 9 | 1.7 | 1.7 | Endurbygging |
| 11. Tunghagalækur, viðb. | 1 | 5 | 0.7 | 0.7 | |
| | | Samtals | 16.3 | 15.0 | |

Tölur um áætlaðan kostnað smábrúa eru miðaðar við vísitölu brúagerða 1883. Vísitala brúagerða í ágúst varð hins vegar 2129, og er gert ráð fyrir, að kostnaður hafi aukist í hlutfalli við hækkun vísitölunnar.

### Aðrar brúagerðarframkvæmdir.

*Brýr 10 m og lengri.*

**Brú á Þjórsá hjá Sandafelli:**

Byggð var 185 m löng stálbitabrú með timburgólfi í sex höfum á Þjórsá skammt neðan við Sandafell. Í sambandi við brúna voru einnig gerðir varnargarðar og um 6 km af vegi. Var þessum framkvæmdum lokið og mannvirkin tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður við þessa mannvirkjagerð var 53 m.kr., og var hann greiddur af Landsvirkjun.

**Brú á Melrakkadalsá í V.-Hún. (1):**

Byggð var 14 m löng steypt bitabrú í einu hafi, og kom hún í stað gamallar brúar, sem hafði mjög slæma aðkeyrslu. Brúin var tekin til umferðar í desember. Áætlaður kostnaður var 3.3 m.kr. og greiðist af lið 2.3.6.4. — Norðurlandsáætlun.

**Brú á Laxá hjá Syðra-Hóli (74):**

Byggð var 75 m löng bitabrú í þrem höfum úr spenntri steypu. Leysti hún af hólmi gamla og mjóa bogabrú, sem hafði mjög hættulega aðkeyrslu. Brúin var tekin til umferðar um áramót s. l. Áætlaður kostnaður var 14 m.kr., og greiðist hann af lið 2.3.6.4. — Norðurlandsáætlun.

**Brú á Svarfaðardalsá hjá Kotum (sýsluv.):**

Byggð var 10 m löng stálbitabrú með timburgólfi í einu hafi. Var framkvæmdum lokið í júlí. Áætlaður kostnaður var 1.2 m.kr., og var hann greiddur af lánsfé, sem samgönguráðuneytið heimilaði hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps að leggja fram í þessu skyni.

**Brú á Svartá hjá Stórutungu (sýsluv.):**

Endurbyggð var eldri brú, sem þarna er á ánni. Fjárveiting 0.3 m.kr. var til þessarar brúar í vegáætlun 1972, en þá varð ekki af framkvæmdum, sbr. skýrslu ráðherra um framkvæmd vegáætlunar það ár.

**Brú á Hölkná á Vopnafjarðarheiði (85):**

Fjárveiting er samkvæmt lið 2.3.6.3. — Austurlandsáætlun 2.9 m.kr.

*Smábrýr.*

**Brú á Árfarið í A.-Hún. (1):**

Byggð var 6 m löng steypt plötubrú, og var hún tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 2.2 m.kr., og greiðist hann af lið 2.3.6.4. — Norðurlandsáætlun.

**Brú á Naustá í Axarfirði (85):**

Byggð var 8 m löng steypt plötubrú, og var hún tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 3.0 m.kr., og greiðist hann af lið 2.3.6.4. — Norðurlandsáætlun.

**Brú á Grjótá í Reyðarfirði (92):**

Byggður var 4 m steyptur stokkur, og leysti hann af hólmi mjög mjóa brú. Framkvæmdum var lokið í júlí. Áætlaður kostnaður var 2.0 m.kr., og greiðist hann af fjárveitingu til brúar á Njörvadalsá í Reyðarfirði af lið 2.3.6.3. — Austurlandsáætlun, en vegna breytts vegarstæðis innan við kauptúnið á Reyðarfirði var eigi unnt að byggja þá brú.

## 2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Fjárveiting til sýsluvegasjóða á árinu 1973 var 30.5 m.kr., og skiptist hún milli sýslna samkvæmt reglugerð nr. 62/1964, eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1972 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkvæmt 21. og 26. gr. vegalaga áætlaðar alls 14 503 þús. kr., en urðu 14 294 þús. kr. Tekjur samkvæmt 23. gr. vegalaga voru áætlaðar 500 þús. kr., en urðu 440 þús. kr. Heildartekjur samkvæmt þessum þremur greinum urðu þannig 14 734 þús. kr. eða 269 þús. kr. lægra en áætlað var.

Ríkisframlag samkvæmt 28. gr. vegalaga á árinu 1973 var því 1 032 þús. kr. hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda á árinu 1973.

Hins vegar var við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1969—1972 ákveðið af fjárveitinganefnd, að ríkisframlag til sýsluvegasjóðanna skyldi á áætlunartímabilinu vera 1.0 m.kr. hærra en 28. gr. segir til um til þess að bæta sýsluvegasjóðunum upp þá lengingu sýsluvega, sem leiddi af breytingu á vegalögum nr. 24/1969.

Á árinu 1973 var innheimta sýsluvegasjóðsgjalds samkvæmt 21. og 26. gr. vegalaga miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1972, sem var 116.10 og er það 23.8% hækkun frá sama kaupgjaldi 1. des. 1971. Samkvæmt því voru áætlaðar tekjur samkvæmt 21. og 26. gr. 16 589 þús. kr.

## Raunverulegar tekjur sýsluvegasjóða 1972.

Upphæðir í þús. kr.

| Sýsla | Tekjur skv. 21. og 26. gr. vegalaga | Tekjur skv. 23. gr. vegalaga | Ríkisframlag | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | 1 386 | 3 | 649 | 2 038 |
| Kjósarsýsla | 728 | 52 | 669 | 1 449 |
| Borgarfjarðarsýsla | 395 | 13 | 571 | 979 |
| Mýrasýsla | 441 | 3 | 1 160 | 1 604 |
| Snæfellsness- og Hnappadalss. | 715 | – | 1 216 | 1 931 |
| Dalasýsla | 324 | – | 700 | 1 024 |
| Austur-Barðastrandarsýsla | 116 | 1 | 497 | 614 |
| Vestur-Barðastrandarsýsla | 399 | 2 | 527 | 928 |
| Vestur-Ísafjarðarsýsla | 476 | 37 | 883 | 1 396 |
| Norður-Ísafjarðarsýsla | 420 | 53 | 502 | 975 |
| Strandasýsla | 310 | – | 614 | 924 |
| Vestur-Húnavatnssýsla | 339 | 46 | 1 069 | 1 454 |
| Austur-Húnavatnssýsla | 486 | 92 | 960 | 1 538 |
| Skagafjarðarsýsla | 645 | 8 | 1 815 | 2 468 |
| Eyjafjarðarsýsla | 835 | 98 | 1 170 | 2 103 |
| Suður-Þingeyjarsýsla | 806 | 21 | 1 809 | 2 636 |
| Norður-Þingeyjarsýsla | 369 | 6 | 1 715 | 2 090 |
| Norður-Múlasýsla | 605 | 5 | 2 575 | 3 185 |
| Suður-Múlasýsla | 1 048 | – | 1 665 | 2 713 |
| Austur-Skaftafellssýsla | 323 | – | 655 | 978 |
| Vestur-Skaftafellssýsla | 384 | – | 1 077 | 1 461 |
| Rangárvallasýsla | 911 | – | 1 964 | 2 875 |
| Árnessýsla | 1 833 | – | 2 138 | 3 971 |
| Samtals | 14 294 | 440 | 26 600 | 41 334 |

## Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1973.

Upphæðir í þús. kr.

| Sýsla | Tekjur skv. 21. og 26. gr. vegalaga | Tekjur skv. 23. gr. vegalaga | Ríkisframlag | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | 1 585 | 58 | 744 | 2 387 |
| Kjósarsýsla | 833 | 110 | 767 | 1 710 |
| Borgarfjarðarsýsla | 454 | 23 | 655 | 1 131 |
| Mýrasýsla | 505 | 3 | 1 330 | 1 838 |
| Snæfellsness- og Hnappadalss. | 932 | 0 | 1 394 | 2 326 |
| Dalasýsla | 370 | 0 | 802 | 1 172 |
| Austur-Barðastrandarsýsla | 132 | 2 | 571 | 705 |
| Vestur-Barðastrandarsýsla | 457 | 3 | 605 | 1 065 |
| Vestur-Ísafjarðarsýsla | 544 | 4 | 1 012 | 1 560 |
| Norður-Ísafjarðarsýsla | 490 | 11 | 575 | 1 076 |
| Strandasýsla | 355 | 0 | 704 | 1 059 |
| Vestur-Húnavatnssýsla | 387 | 3 | 1 226 | 1 616 |
| Austur-Húnavatnssýsla | 550 | 8 | 1 100 | 1 658 |
| Skagafjarðarsýsla | 783 | 9 | 2 081 | 2 873 |
| Eyjafjarðarsýsla | 1 048 | 26 | 1 342 | 2 416 |
| Suður-Þingeyjarsýsla | 917 | 22 | 2 074 | 3 013 |
| Norður-Þingeyjarsýsla | 422 | 6 | 1 966 | 2 394 |
| Norður-Múlasýsla | 691 | 8 | 2 952 | 3 651 |
| Suður-Múlasýsla | 1 198 | 0 | 1 909 | 3 107 |
| Austur-Skaftafellssýsla | 363 | 0 | 751 | 1 120 |
| Vestur-Skaftafellssýsla | 440 | 0 | 1 235 | 1 675 |
| Rangárvallasýsla | 1 041 | 0 | 2 252 | 3 293 |
| Árnessýsla | 2 087 | 204 | 2 453 | 4 744 |
| Samtals | 16 589 | 500 | 30 500 | 47 589 |

## 2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 300 íbúum og fleiri var samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi þann 1. des. 1972, útgefnum af Hagstofu Íslands þann 6. júlí 1973:

| | |
|---|---|
| Kaupstaðir | 145 306 íbúar |
| Þéttbýlisstaðir með 300 íbúum og fleiri | 34 089 — |
| Samtals | 179 395 íbúar |

Framlag samkv. 32. gr. vegalaga:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Áætlaðar tekjur árið 1973 | kr. | 1 458 500 000.00 | | |
| ÷ Framlag til hraðbrauta | — | 200 000 000.00 | | |
| | kr. | 1 258 500 000.00 | | |
| 12½% framlag af kr. 1 258 500 000.00 | | | kr. | 157 312 500.00 |
| Tekjur vegasjóðs árið 1972 | kr. | 1 132 511 285.60 | | |
| ÷ Framlag til hraðbrauta | | 266 800 000.00 | | |
| | kr. | 865 711 285.60 | | |
| 12½% framlag af kr. 865 711 285.60 | kr. | 108 213 910.00 | | |
| ÷ Tekið til skipta 1972 | kr. | 108 875 000.00 | kr. | 661 090.00 |
| | | | kr. | 156 651 410.00 |
| ÷ 10% sjóður skv. 34. gr. vegalaga | | | — | 15 665 141.00 |
| | | Til skipta 1973 | kr. | 140 986 269.00 |

Skiptitala á hvern íbúa:

$$\frac{140\ 986\ 269.00}{179\ 395} = 785{,}90 \text{ kr. pr. íbúa}$$

**Þéttbýlissvæði með 300 íbúum og fleiri þann 1. des. 1972 skv. töflu frá Hagstofu Íslands.**

| | Íbúar | Framlag 1973 | Skuld vegna leiðr. á íbúatölu Bíldudals | Greitt 1973 |
|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 83 977 | 65 997 406 | 79 048 | 65 918 358 |
| Kópavogur | 11 478 | 9 020 543 | 10 698 | 9 009 845 |
| Hafnarfjörður | 10 705 | 8 413 043 | 9 628 | 8 403 415 |
| Keflavík | 5 862 | 4 606 937 | 5 503 | 4 601 434 |
| Akranes | 4 356 | 3 423 374 | 4 054 | 3 419 320 |
| Ísafjörður | 3 061 | 2 405 635 | 2 901 | 2 402 734 |
| Sauðárkrókur | 1 669 | 1 311 665 | 1 572 | 1 310 093 |
| Siglufjörður | 2 050 | 1 611 092 | 1 995 | 1 609 097 |
| Ólafsfjörður | 1 086 | 853 486 | 1 032 | 852 454 |
| Akureyri | 11 182 | 8 787 917 | 10 422 | 8 777 495 |
| Húsavík | 2 053 | 1 613 450 | 1 903 | 1 611 547 |
| Seyðisfjörður | 906 | 712 024 | 817 | 711 207 |
| Neskaupstaður | 1 618 | 1 271 584 | 1 528 | 1 270 056 |
| Vestmannaeyjar | 5 303 | 4 167 620 | 4 989 | 4 162 631 |
| Grindavík | 1 353 | 1 063 321 | 1 187 | 1 062 134 |
| Sandgerði | 967 | 759 964 | 897 | 759 067 |
| Gerðar, Gerðahr. | 680 | 534 411 | 614 | 533 797 |
| Njarðvíkur | 1 644 | 1 292 017 | 1 470 | 1 290 547 |
| Garðakauptún | 3 373 | 2 650 836 | 2 983 | 2 647 853 |
| Seltjarnarnes | 2 393 | 1 880 655 | 2 144 | 1 878 511 |
| Þéttbýli Mosfellshr. | 785 | 616 930 | 356 | 616 574 |
| Borgarnes | 1 243 | 976 872 | 1 157 | 975 715 |
| Hellissandur | 514 | 403 952 | 479 | 403 473 |
| Ólafsvík | 1 057 | 830 695 | 956 | 829 739 |
| Grundarfjörður | 602 | 473 111 | 566 | 472 545 |

| | Íbúar | Framlag 1973 | Skuld vegna leiðr. á íbúatölu Bíldudals | Greitt 1973 |
|---|---|---|---|---|
| Stykkishólmur | 1 045 | 821 264 | 992 | 820 272 |
| Patreksfjörður | 983 | 772 538 | 944 | 771 594 |
| Bíldudalur | 325 | 255 417 | | 255 417 |
| Þingeyri | 368 | 289 211 | 362 | 288 849 |
| Flateyri | 432 | 339 508 | 416 | 339 092 |
| Suðureyri | 481 | 378 017 | 458 | 377 559 |
| Bolungarvík | 1 001 | 786 684 | 922 | 785 762 |
| Hólmavík | 330 | 259 347 | 295 | 259 052 |
| Hvammstangi | 373 | 293 140 | 348 | 292 792 |
| Blönduós | 728 | 572 134 | 673 | 571 461 |
| Skagaströnd | 543 | 426 743 | 531 | 426 212 |
| Dalvík | 1 093 | 858 987 | 1 037 | 857 950 |
| Raufarhöfn | 432 | 339 508 | 422 | 339 086 |
| Þórshöfn | 432 | 339 508 | 393 | 339 115 |
| Vopnafjörður | 530 | 416 526 | 495 | 416 031 |
| Egilsstaðir | 796 | 625 575 | 704 | 624 871 |
| Eskifjörður | 923 | 725 384 | 892 | 724 492 |
| Reyðarfjörður | 590 | 463 680 | 557 | 463 123 |
| Fáskrúðsfjörður | 727 | 571 348 | 690 | 570 658 |
| Djúpivogur | 346 | 271 921 | 299 | 271 622 |
| Höfn í Hornafirði | 1 013 | 796 115 | 919 | 795 196 |
| Vík í Mýrdal | 375 | 294 712 | 361 | 294 351 |
| Hvolsvöllur | 307 | 241 271 | 369 | 240 902 |
| Hella | 384 | 301 785 | | 301 785 |
| Stokkseyri | 420 | 330 077 | 379 | 329 698 |
| Eyrarbakki | 539 | 423 599 | 516 | 423 083 |
| Selfoss | 2 506 | 1 969 462 | 2 330 | 1 967 132 |
| Hveragerði | 887 | 697 092 | 808 | 696 284 |
| Þorlákshöfn | 569 | 447 176 | 531 | 446 645 |
| | 179 395 | 140 986 269 | 166 542 | 140 819 727 |

Skipting framlags úr 10% sjóði.

| | |
|---|---|
| Selfoss | kr. 1 200 000.00 |
| Dalvík | — 1 065 141.00 |
| Kópavogur | — 13 400 000.00 |
| | kr. 15 665 141.00 |

## 2.8. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

### 2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting var 18.0 m.kr.
Alls voru keyptar vélar fyrir 40.9 m.kr.

Það helsta, sem keypt var:

3 vörubifreiðar.
23 mælinga- og sendiferðabifreiðar.
2 vegheflar.
1 dráttarvél.
1 vatnadreki.
2 steypublöndunarvélar.
12 rafstöðvar.

Auk ofanskráðra véla voru keyptar ýmsar minni vélar, svo sem vegþjöppur, vélbörur, steypuþjöppur, véldælur, vélsagir o. s. frv.

Kostnaður umfram fjárveitingu var greiddur af afskriftafé véla.

### 2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Fjárveiting var 7.0 m.kr. og var varið, eins og hér segir:

1. Á Hvolsvelli var fengin lóð undir nýtt áhaldahús, og búið er að jafna lóðina og keyra í hana burðar- og jöfnunarlagi. Fyrirhugað er að selja á árinu 1974 áhaldahús, sem er við Brú við Markarfljót.
2. Stækkun, sem var hafin á verkstæðis- og áhaldahúsi í Borgarnesi, var haldið áfram, og varð húsið fokhelt síðari hluta sumars. Áætlað er, að verkstæðið verði tekið í notkun á fyrri hluta ársins 1974.
3. Á Hvammstanga var fengin ný lóð fyrir áhaldahús, en fyrirhugað er að byggja þar nýtt áhaldahús. Áhaldahúsið, sem er gamalt timburhús og mjög ófullkomið, er ekki nógu stórt til að hýsa nýjustu veghefla með snjómokstursútbúnaði.
4. Á Akureyri var viðbótarbygging við áhaldahús, sem byrjað var á vegna flutnings tækniskrifstofu umdæmisverkfræðings frá Reykjavík til Akureyrar, tekin í notkun. Einnig var haldið áfram að ganga frá lóð og unnið að frágangi utan húss á nýja áhaldahúsinu.
5. Á Reyðarfirði var lóð áhaldahússins stækkuð.
6. Minniháttar lagfæringar og endurbætur voru gerðar á nokkrum öðrum áhaldahúsum.

## 2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

| | |
|---|---|
| Fjárveiting í vegáætlun 1973 | 6.0 m.kr. |
| Geymt fé frá 1972 | 6.1 m.kr. |
| | Alls 12.1 m.kr. |

Fjárveitingin var veitt til eftirfarandi tilrauna og rannsóknarstarfsemi:

1. *Vegir byggðir á mýri:*

   Árið 1971 hóf Vegagerð ríkisins kerfisbundnar rannsóknir á mýrarjarðvegi. Fljótlega var farið að nota niðurstöður þessara rannsókna við hönnun vega. Til að sannreyna hönnunarforsendur var ákveðið að fylgjast með hluta af Vesturlandsvegi á Kjalarnesi (áfanga VV5), sem ÍSTAK h.f. vann á þessu ári. Jarðvatnsþrýstingur og sig var stöðugt mælt í einu sniði (vegmiðju, undir öxl, í fláafæti og við skurðbakka). Gert er ráð fyrir, að fylgst verði með þessum atriðum í nokkur ár. Verður væntanlega lokið við frumúrvinnslu þessara gagna á fyrri hluta árs 1974.

2. *Sig vega, sem byggðir eru á sandi og silti:*

   Tekið var saman yfirlit yfir allar þekktar rannsóknir á þessu sviði, bæði innlendar og erlendar. Var efninu gerð skil í greinargerð dags. í júní 1973, ásamt tillögu að framkvæmd við rannsóknir á sigi vegfyllinga. Í framhaldi af því var sett upp tillaga um hvernig áætla má sig við frumhönnun vega út frá almennum prófunum á jarðvegi. Gert er ráð fyrir, að þessar rannsóknir haldi áfram og verði þeim nú beint meira að sigi vegna skriðs í undirstöðu fyllinga.

3. *Athuganir á burðarþoli staura:*

   Haldið var áfram rannsóknum á burðarþoli staura í mismunandi jarðvegi og samanburði á mældu burðarþoli og áætluðu. Var einkum unnið að þessum athugunum á Skeiðarársandi og við Hnausakvísl í Vatnsdal.

4. *Kerfisbundin leit að steinefnum í olíumöl:*

   Í samræmi við þingsályktun frá 18. maí 1972 var haldið áfram leit að steinefni í olíumöl, og beindist leitin einkum að þeim svæðum, sem ekki hafði verið leitað á áður. Sýnishornum hefur nú verið safnað víða af landinu, þar sem til greina kemur að leggja slitlag úr olíumöl. Fyrstu rannsóknum er lokið, og eru niðurstöður flestar jákvæðar, nema hvað viðloðun steinefna við olíu virðist mjög

ábótavant á Vestfjörðum og á Austfjörðum milli Hornafjarðar og Héraðs. Haldið er áfram rannsóknum á þessum neikvæðu efnum, m. a. með notkun annarra efna til viðloðunarauka, annarrar olíu og með asfaltupplausn, og sömuleiðis hafa verið gerðar á þeim bergfræðilegar og efnafræðilegar athuganir. Fyrsta skýrsla um rannsóknirnar liggur fyrir og hefur verið send Alþingi.

5. *Snjógirðingar við vegi:*

Haldið er áfram athugunum á skaflamyndun og hvernig hægt væri að nýta niðurstöður þeirra til að minnka skaflamyndun á vegum með uppsetningu snjógirðinga við þá. Einnig var fé veitt til athugana á aðgerðum til að stöðva eða stjórna snjóflóðum í bröttum fjallshlíðum. Tilraunir varðandi þetta atriði fara fram í Auðbjargarstaðabrekku í Axarfirði.

6. *Frosttryggt malarefni:*

Ekki hefur unnist tími til að leiða til lykta athuganir á því, hvenær malarefni er frosttryggt og hvernig mætti segja fyrir um það á fljótvirkan og einfaldan hátt. Ýmislegt bendir til, að aðferð sú, sem athuganir hafa einkum beinst að, séu e. t. v. ekki eins haldgóðar og vonast var til. Eru það einkum hliðstæðar erlendar rannsóknir, sem gefið hafa vísbendingu um það. Verið er að ganga frá lokaskýrslu um þessar rannsóknir hér, og þegar hún liggur fyrir, mun verða tekin ákvörðun um framhaldið.

7. *Rykbinding:*

Tilraunum var haldið áfram með rykbindingu með asfaltupplausn. Voru þær gerðar á 18 km kafla á Siglufjarðarvegi sunnan Sauðárkróks. Árangur var góður, og verður þessum tilraunum haldið áfram.

8. *Athugun á vikri til vegagerðar:*

S. l. sumar tók Vegagerð ríkisins ásamt Landsvirkjun þátt í gerð undirbyggingar og lögn olíumalarslitlags á um 900 m vegarkafla við Búrfell. Undirbygging vegarins er að verulegu leyti vikur. Gerðar voru burðarþolsmælingar á veginum, áður en framkvæmdir hófust og að lokinni afréttingu og þjöppun. Ætlunin er að gera áfram burðarþolsmælingar og fá með tilraun þessari vitneskju um þjöppunareiginleika vikursins og samþjöppun með tímanum og árstíðabundnar burðarþolssveiflur hans.

9. *Veðrunarþolni málningar:*

Hafnar voru tilraunir með veðrunarþolni og endingu málningar á stálbrúm, einkum með tilliti til þeirra brúa, sem verða fyrir tíðum sandrokum. Eru í þessu skyni prófaðar 17 málningategundir, og hafa prófstykki verið sett upp á Skeiðarársandi og í Reykjavík.

10. *Mosarækt:*

Hafnar voru tilraunir með mosarækt í hrauni. Eru þær gerðar af starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar Íslands í samráði við Náttúruverndarráð, og er tilgangur með þeim að kanna, hvort græða megi sár, sem vegagerð í gegnum mosagróið hraun hefur í för með sér. Tilraunirnar eru gerðar í Svínahrauni.

11. *Rannsóknir á burðarþoli vega:*

Síðari hluta árs hófst undirbúningur að norrænni rannsókn, sem stefnir að því að finna einfaldar aðferðir til hönnunar á burðarþoli vega, m. t. t. umferðarmagns og þunga, veðráttu og jarðvegs. Tekur hún mið af stórri amerískri tilraun, sem fram fór 1959—1961 og notar að nokkru niðurstöður hennar. Rannsókn þessi mun standa fram á mitt ár 1976, og fer hluti hennar fram í hverju Norðurlandanna um sig, en aðalvinnan og einkum úrvinnsla gagna

fer fram í Svíþjóð. Undirbúningi lýkur væntanlega í maí 1974, og er reiknað með, að sameiginlegur kostnaður nemi sænskum kr. 800 þús., en til viðbótar kemur kostnaður af tilraunum hvers lands fyrir sig.

Heildarkostnaður við tilraunir varð á árinu aðeins um 3.3 m.kr. Er það m. a. vegna þess, að allar tilraunir og rannsóknir, sem gerðar eru í rannsóknastofu, svo og ýmsar mælingar við aðrar tilraunir, eru gerðar á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, en á s. l. ári hafði stofnunin varla undan þjónusturannsóknum, einkum vegna aukins álags frá hinum óvenjumiklu hraðbrautaframkvæmdum og undirbúningi virkjanaframkvæmda, svo að hvorki gafst tími né aðstaða til hinnar venjulegu rannsóknastarfsemi.

## 2.10. GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Útgjöld samkv. lið 2.1. | | 13.3 | millj. kr. |
| 2. Útgjöld samkvæmt lið 2.2. | | 48.5 | — — |
| 3. Útgjöld samkv. lið 2.3.1. | | 56.6 | — — |
| 4. Útgjöld samkv. lið 2.3.3. | | 4.5 | — — |
| 5. Útgjöld samkv. lið 2.3.6.3. | | 13.0 | — — |
| 6. Útgjöld samkv. lið 2.3.6.5. | | 25.0 | — — |
| 7. Útgjöld samkvæmt lið 2.5. | | 5.7 | — — |
| 8. Útgjöld samkv. lið 2.7. | | 30.9 | — — |
| 9. Útgjöld samkv. lið 2.9. | | 1.4 | — — |
| | | 198.9 | millj. kr. |
| Innheimtar markaðar tekjur vegasjóðs urðu samkv. bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins | 1 234.6 | | |
| Áætlaðar markaðar tekjur vegasjóðs eftir breytingu á vegalögum í árslok 1972 | 1 208.5 | 26.1 | millj. kr. |
| | Halli samtals | 172.8 | millj. kr. |

Auk ofangreinds halla var framkvæmt á Skeiðarársandi fyrir 198 millj. kr. meira en fjáröflun nam.

Endanlegt uppgjör tekna og gjalda vegasjóðs liggur ekki enn fyrir, og geta því ofangreindar tölur breyst eitthvað.

Fskj. 2.1.5—1



VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1973
SUÐVESTURLAND
REYKJAVÍK í janúar 1974
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag, júní - sept., föst talning
400 " " skyndítalning
300 " " árs talning
200 (10%) Hlutfallstala í sviga a eftir umferðartölu táknar sennilegt hlutfall þungra bíla af viðkomandi umferð samkv. athugun
VÍK
VESTMANNAEYJAR
HVOLSVÖLLUR
HELLA
ÞYKKVIBÆR
SELFOSS
HVERAGERÐI
ÞORLÁKSHÖFN
REYKJAVÍK
KÓPAVOGUR
HAFNARFJÖRÐUR
KEFLAVÍK
GERÐAR
SANDGERÐI
HAFNIR
GRINDAVÍK
AKRANES
BORGARNES
STAPI
HELLNAR

**Fskj. 2.1.5—2**


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1973
NORÐVESTURLAND
REYKJAVÍK í janúar 1974
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag, júní - sept., föst talning
400 " " " skynditalning
300 " " árs talning
200 (10%) Hlutfallstala í sviga á eftir umferðartölu táknar sennilegt hlutfall þungra bíla af viðkomandi umferð samkv. athugun
SIGLUFJÖRÐUR
HAGANESVÍK
HOFSÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
KÁLFSHAMARSVÍK
SKAGASTRÖND
BLÖNDUÓS
HVAMMSTANGI
BORÐEYRI
HÓLMAVÍK
BÚÐARDALUR
STYKKISHÓLMUR
GRUNDARFJÖRÐUR
ÓLAFSVÍK
HELLISSANDUR
BOLUNGARVÍK
HNÍFSDALUR
ÍSAFJÖRÐUR
SÚÐAVÍK
SUÐUREYRI
FLATEYRI
BÍLDUDALUR
SVEINSEYRI
VATNEYRI

**Fskj. 2.1.5—3**


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1973
NORÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK í janúar 1974
Skýringar:
ÓLAFSFJÖRÐUR
DALVÍK
HRÍSEY
HJALTEYRI
GRENIVÍK
AKUREYRI
HÚSAVÍK
KÓPASKER
RAUFARHÖFN
ÞÓRSHÖFN
BAKKAFJÖRÐUR
VOPNAFJÖRÐUR
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
BÚÐIR

Fskj. 2.1.5—4


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1973
SUÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK í janúar 1974
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag, júní – sept., föst talning
400 " " " , skyndítalning
300 " " árs talning
200 (10%) Hlutfallstala í sviga á eftir umferðartölu táknar sennilegt hlutfall þungra bíla af viðkomandi umferð samkv. athugun
BREIÐDALSVÍK
DJÚPIVOGUR
HÖFN
290
190
490
830
90
SKAFTAFELL
50
NÚPSSTAÐUR
KIRKJUBÆJAR-
KLAUSTUR
140


VEGAGERÐ RÍKISINS
MÆLIKV. 1:250.000
DAGS. 29-1-'74
SKEIÐARÁRSANDUR
ÁFANGASKIPTI
Áfangaskipti:
1. Áfangi 1972
2. Áfangi 1973
3. Áfangi 1974
SKEIÐARÁRJÖKULL
SKAFTAFELL
SKAFTAFELLSÁ
SKEIÐARÁ
SÆLUHÚSVATN
GÍGJA
SÚLA
NÚPSVÖTN
NÚPSSTAÐUR
KIRKJUBÆJARKLAUSTUR
S K E I Ð A R Á R S A N D U R

Fskj. 2.3.1.—1

## Greinargerð um kostnað við framkvæmdir fyrir lán frá Alþjóðabankanum.
(Í millj. kr.)

| Áfangi | Lengd km | Áfallinn kostnaður í lok 1973: Framkv. kostn. | Áfallinn kostnaður í lok 1973: Eftirl. kostn. | Áfallinn kostnaður í lok 1973: Kostn. v. vegstæði | Áfallinn kostnaður í lok 1973: Kostn. alls | Áætlaðar hækkanir miðað við áætl. frá '70 og '71: v/magn-aukn. verkbr. og viðb. | Áætlaðar hækkanir: v/verð-hækkana | Áætlaðar hækkanir: v/aukins kostn. við vegstæði | Áætlaðar hækkanir: Hækk-anir alls | Áætlaður lokakostnaður: Framkv. kostn. | Áætlaður lokakostnaður: Eftirl. kostn. | Áætlaður lokakostnaður: Kostn. v. vegstæði | Áætlaður lokakostnaður: Kostn. alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| VV2 ..... | 3.0 | 83.4 | 6.0 | 10.1 | 99.5 | 39.8 | 4.5 | 1.1 | 45.4 | 83.4 | 6.0 | 11.1 | 100.5 |
| VV3 ..... | 6.4 | 105.2 | 8.0 | 7.9 | 121.1 | 20.7 | 9.7 | 0 | 30.4 | 105.2 | 8.0 | 12.0 | 125.2 |
| VV4 ..... | 4.6 | 128.0 | 9.0 | 3.6 | 140.6 | 32.4 | 10.7 | 1.0 | 44.1 | 130.4 | 9.0 | 9.5 | 148.9 |
| SV1 ..... | 7.2 | 114.5 | 8.9 | 8.8 | 132.2 | ÷4.8 | 8.8 | 3.2 | 7.2 | 114.5 | 8.9 | 15.7 | 139.1 |
| SV5 ..... | 6.3 | 68.4 | 4.6 | 0.9 | 73.9 | 18.5 | 5.7 | 0 | 24.2 | 68.4 | 4.6 | 1.0 | 74.0 |
| SV6 ..... | 6.1 | 93.1 | 6.0 | 1.0 | 100.1 | 22.1 | 9.0 | 0 | 31.1 | 93.1 | 6.1 | 1.0 | 100.2 |
| SV7 &8 .. | 14.1 | 83.2 | 7.7 | 9.2 | 100.1 | 20.9 | 4.6 | 0 | 25.5 | 83.1 | 7.8 | 10.0 | 100.9 |
| | 47.7 | 675.8 | 50.2 | 41.5 | 767.5 | 149.6 | 53.0 | 5.3 | 207.9 | 678.1 | 50.4 | 60.3 | 788.8 |

Fskj. 2.3.—1

## Yfirlit um framkvæmdir samkv. vegáætlun 1973.

**1. Hraðbrautir:**

| | |
|---|---|
| a) Fullnaðarfrágangur undirbyggingar | 23.3 km |
| b) Lagning malarslitlags | 1.9 km |
| c) Lagning bundins slitlags | 23.5 km |

**2. Þjóðbrautir:**

| | |
|---|---|
| a) Undirbyggðir vegir | 93.7 km |
| b) Lagt slitlag og burðarlag | 86.3 km |
| c) Brýr, 10 m og lengri, 7 brýr | 128.0 m |
| d) Smábrýr, 3 brýr | 18.0 m |

**3. Landsbrautir:**

| | |
|---|---|
| a) Undirbyggðir vegir | 102.4 km |
| b) Lagt slitlag og burðarlag | 110.1 km |
| c) Brýr, 10 m og lengri, 8 brýr | 1 528.0 m |
| d) Smábrýr, 7 brýr | 44.0 m |

**4.. Sýsluvegir:**

| | |
|---|---|
| a) Brýr, 10 m og lengri, 1 brú | 10.0 m |
| b) Smábrýr, 1 brú | 8.0 m |